

Fornleifaskráning í Búðahreppi

Guðný Zoëga



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS

2

Fornleifaskráning í Búðahreppi

Guðný Zoëga



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS

Forsíðumynd: Franski grafreitur 160-12 Róðukross í franska grafreitnum við Búðarorp. Ljósm. GZ.

© 2002 Guðný Zoëga/Þjóðminjasafn Íslands
Öll réttindi áskilin
ISSN 1560-8050

Prentun/umbrot: Gutenberg

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Tilgangur fornleifaskráningar	5
Fornleifaskráning	6
Aðferð við skráningu	7
Jarðanúmer	7
Tegund, hlutverk og heiti	7
Lega	7
Staðhættir og lýsing	7
Hættumat	7
Heimildir	7
Staðhættir í Fáskrúðsfirði	7
Staðhættir í Búðahreppi	8
Búðakauptún	8
Jarðir í Búðahreppi	8
Fjöldi minja á hinu skráða svæði	9
Saga jarðanna og fornleifar	10
Kirkjuból	10
Fornleifaskrá fyrir Kirkjuból	10
Búðir	29
Fornleifaskrá fyrir Búðir	29
Kappeyri	35
Fornleifaskrá fyrir Kappeyri	35
Minjar og varðveislugildi	38
Minjar á Kirkjubóli	38
Minjar í Búðarþorpi	38
Minjar í Kappeyrarlandi	38
Niðurstöður	38
Heimildaskrá	39
Fylgiskjöl	41

Fornleifaskráning í Búðahreppi

Inngangur

Minjavörður Austurlands annaðist skráningu á menningarminjum í landi Búðahrepps í tengslum við aðalskipulagsgerð sveitarfélagsins. Fornleifakönnunin fór fram á vettvangi í október en úrvinnsla og skýrslugerð í nóvember 2001.

Við heimildaleit naut skýrsluhöfundur aðstoðar Kristins Schram starfsmanns Þjóðminjasafns Íslands og Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur aðstoðaði við úrvinnslu og las auk Rúnu Knútsdóttur Tetzschner og Sigurborgar Hilmarsdóttur starfsmanna Þjóðminjasafns yfir handrit skýrslunnar.

Heimildamenn voru Bjarni Björnsson, Ljósalandi, Ármann Jóhannsson, Stöðvarfirði og Björgvin Baldursson, Búðum.

Elis B. Eiríksson, byggingafulltrúi Búðahrepps annaðist samskipti við Þjóðminjasafnið vegna skráningarinnar og aðstoðaði við heimildaöflun, staðsetningu minja og hnitsetningar á kort.

Kann skýrsluhöfundur öllum þessum aðilum þakkir fyrir aðstoðina.

Tilgangur fornleifaskráningar

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er ákvæði um að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Tilgangur þjóðminjalaganna er að tryggja eins og best verður á kosið varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar (sjá 1. gr.), þar á meðal fornleifa. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum

og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

- vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar

finnst ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 13. gr.).

Friðlýstar fornleifar njóta ríkari verndar en aðrar friðaðar fornleifar. Um friðlýsingar er fjallað í 11. gr. Þjóðminjalaganna, en þar segir:

Fornleifavernd ríkisins ákveður hvaða fornleifar skuli friðlýstar. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar. Friðlýsa má samfella svæði, minjasvæði þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn og ytri mörk hans tilgreind svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Fornleifavernd ríkisins skal sjá til þess að friðlýstar fornleifar eða minjasvæði séu merkt með sérstökum merkjum. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðlýsinguna. Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kvæði sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort. Fornleifar sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðlýsingar áfram.

Fornleifavernd ríkisins getur afturkallað friðlýsingu og skal afturköllunin auglýst með sama hætti og friðlýsingin.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu.

Einnig má minnka stórlega líkur á að óvænt finnist fornleifar sem nauðsynlegt verður að rannsaka. Auk kostnaðar við fornleifarannsóknir geta tafir á framkvæmdum haft mikinn kostnað í för með sér.

Þjörgunaruppgröftur sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaðilum er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara og getur Fornleifavernd krafist þess að þeim sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. þjml.).

Fornleifaskráning

Í fornleifaskráningu Þjóðminjasafns Íslands í Búðahreppi eru minjarnar skráðar í nýtt skráningarkerfi sem fengið hefur nafnið Sarpur. Fornleifarnar eru flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.¹

Um er að ræða þrjár jarðir í Búðahreppi; Kirkjuból, Búðir og Kappeyri.

Jarðirnar Kirkjuból og Búðir eru í heild sinni innan hreppsmarka Búðahrepps en einungis hluti jarðarinnar Kappeyrar er í bæjarlandinu. Því eru hér aðeins taldar upp þær fornleifar í Kappeyrarlandinu sem teljast innan bæjarmarka. Engar friðlýstar fornleifar eru í Búðahreppi.

Hverri hinna þriggja jarða fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum þegar við á. Einnig fylgir minjakort sem sýnir minjastaði og örnefni og veitir aðrar upplýsingar sem tengjast fornleifum eða öðrum menningarminjum.

Skráningin er í þeim kafla þessarar skýrslu sem nefnist „Saga jarðanna og fornleifar.“

1 J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi, bls 376.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með upphafsstaf heitis jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað (t.d. Búðir: B-158526-; Ke fyrir Kappeyri til aðgreiningar frá Kirkjubóli) og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens. Þar að auki eru fornleifunum gefin raðnúmer innan hverrar jarðar fyrir sig; bæjarhóllinn á Búðum er nr. 1 og þar af leiðandi auðkenndur með eftirfarandi hætti: B-158526-159-1.

Tegund, hlutverk og heiti

Í örfáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða úti-húsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.a.m. úti-hús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Myllulækur eða Hermannskofi, er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra er lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Legg

Flestar fornminjanna á jörðinni Kirkjubóli voru hnitsettar af Verkfræðistofu Austurlands en auk þess voru teknar GPS staðsetningar við fornleifaskráninguna. Einnig var stuðst við loftmyndir af svæðinu. GPS hnit eru færð í skrána en skráningarnúmer fornleifanna á meðfylgjandi loftmyndir. Hús sem stóðu í þorpinu fyrir aldamótin 1900

eru merkt inn á loftmynd og er þar stuðst við skýrsluna Húsanöfn á Fáskrúðsfirði.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Lagt er mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggja minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdagleði mannsins kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs. Ekki er lagt mat á hættuna þegar fornleifar sem til eru heimildir um hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda því að fornleifar geta leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um hverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert annarsstaðar í þessari skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Staðhættir í Fáskrúðsfirði

Fáskrúðsfjörður liggur sunnan við miðja Austfirði og á hreppamörk við Fjarðabyggð í norðri og Stöðvarhrepp í suðri. Fjörðurinn er krýndur háum tindóttum fjöllum en eyjarnar Andey og Skrúður sitja í fjarðarmynninu norðanvert.² Tveggja landnámsmanna er getið í Fáskrúðsfirði

í Landnámu en þar segir: „En Krumur nam land í Hafranesi og allt hið ytra, bæði Skrúðey og aðrar úteyjar og þrjú lönd öðrum megin gegnt Þernunesi. Þaðan eru Krymlingar komnir Vémundur hét maður, er nam Fáskrúðsfjörð allan og bjó hann þar alla ævi. Hans sonur var Ölmóður, og eru Ölmæðingar frá honum komnir“. Samkvæmt þessu hefur því verið byggð í Fáskrúðsfirði allt frá öndverðu en ekki er vitað hver landnámsjörð Vémundar var.³

Upphaflega tilheyrði allur fjörðurinn Fáskrúðsfjarðarhreppi, en árið 1907 var sá hluti hans sem Búðakauptún stendur á skilinn frá og varð þá til Búðahreppur.⁴ Segja má að Búðahreppur skipti Fáskrúðsfjarðarhreppi í tvo hluta en jarðirnar Kappeyri (að utan) og Geststaðir (að innan) eiga landamörk að Búðahreppi.

Staðhættir í Búðahreppi

Búðir var innsti bær við Fáskrúðsfjörð norðanverðan. Á fyrsta áratug 20. aldar eignaðist hreppurinn spildu úr landi Kappeyrar og árið 1923 eignaðist bærinn jörðina Kirkjuból.⁵ Upprunalegum hreppamörkum var þó ekki breytt fyrr en 1978 er bærinn eignaðist stærri hluta úr landi Kappeyrar allt út að svokallaðri Mjóeyri.⁶ Kauptúnið Búðir stendur neðst í nokkuð brattri fjallshlíð og er undirlendi í bæjarlandinu lítið nema tún og áreyrar í Kirkjubólslandi. Engjar voru allgóðar í hlíðinni og beitarland nokkuð gott. Hinsvegar var mótak lélegt, enginn skógur og langt var að sækja grjót í hleðslur.⁷

Búðakauptún

Saga Búðakauptúns er næsta lík því sem gerist annarsstaðar á Austfjörðum. Þéttbýli tók að myndast upp úr 1880 eftir löggildingu verslunarstaðarins. Verslun kann þó að hafa verið stunduðu þar mun fyrr en í sóknarlýsingu Kolfreyjustaðarsóknar frá 1841 er getið um sögu-

sagnir þess efnis að þýskir hafi átt verslunarbúðir í firðinum til forna.⁸ Fáskrúðsfjörður var aðal bækistöð franskra skútusjómannanna á Austurlandi og var nokkuð verslað við þá. Frakkar byggðu kapellu, læknisbústað og sjúkrahús á staðnum og þar var einnig franskur grafreitur.⁹ Fáskrúðsfirðingar hafa lagt rækt við þá sögu sem tengist þessum samskiptum heimamanna við frönsku sjómennina.

Síldveiðar norðmanna settu og svip sinn á atvinnulíf í Búðarþorpi og hófst vélbátaútgerð frá Búðum í byrjun aldarinnar. Fyrir utan verslun átti kauptúnið mest sitt undir sjósókn en allt fram á þriðja áratug 20. aldarinnar var búskapur í Búðakauptúni mjög smár í sniðum. Með kreppunni upp úr 1920 tóku menn upp búskap á ný sér til viðurværis. Árið 1923 keypti Búðahreppur land Kirkjubóls undir ræktun og búskap fyrir þorpsbúa.¹⁰ Leifar þessa sjálfsþurftarbúskapar má finna víða í hlíðinni ofan bæjarins sem og í Kirkjubólslandi.

Pegar á síðustu áratugum 19. aldarinnar hafði myndast vísir að þorpi og voru þá a.m.k. 32 hús í því, fæst þeirra standa enn.¹¹ Við fornleifaskráninguna voru hús ekki skráð sérstaklega, en meðfylgjandi er skrá yfir hús byggð fyrir 1900 og var, þar sem staðsetning þeirra var kunn, merkt inn á loftmynd (sjá viðauka I).

Jarðir í Búðahreppi

Í upphafi var aðeins ein jörð, Búðir, innan hreppsmarka en 1923 bættist jörðin Kirkjuból við. Hluti úr landi Kappeyrar tilheyrir einnig núverandi bæjarlandi.

Við fornleifaskráninguna hafa heimildir um hverja ofangreindra jarða verið kannaðar ef þar kynnu að vera vísbendingar um fornar minjar á skráningarsvæðinu. Skráning og hnitsetning örnefna fór fram í landi Kirkjubóls árið 1999.¹² og var það ómetanleg heimild um fornminjar á þeirri jörð.

³ Íslendingasögur I, Landnámabók, bls, 187, Reykjavík 1946.

⁴ Lýður Björnsson Saga sveitarstjórnar á Íslandi bls, 122.

⁵ Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls. 217.

⁶ Birgir Stefánsson Sögulegt yfirlit.

⁷ Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls. 218.

⁸ Sýslu- og sóknarlýsingar Múlasýslna, bls 411.

⁹ Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls. 182.

¹⁰ Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls. 218.

¹¹ Guðrún Gunnarsdóttir Húsanöfn á Fáskrúðsfirði.

¹² Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Fjöldi minja á hinu skráða svæði

Skráninganúmer á jörðunum Kirkjubóli, Búðum og Kappeyri eru alls 100 og þar af eru heimildir um fornleifar á 13 stöðum.

Jörð	Fjöldi fornleifa
Kirkjuból	60
Búðir	28
Kappeyri	12

Flestar eru minjarnar í landi Kirkjubóls en þar lagðist búskapur af fyrir 20. öldina miðja og hafa engar byggingaframkvæmdir farið þar fram síðan. Seinni tíma túnarækt og skurðgröftur hafa skemmt sumar minjanna en þó eru margar þeirra enn vel greinilegar.

Jörðin Búðir er í Búðarþorpi og því eru ekki miklar minjar um búskap þar en þó eru töluverðar

um fjárhúsbúskap og garðrækt í fjallinu ofan við bæinn.

Í bæjarlandinu sem tilheyrði fyrrum Kappeyri eru nokkrar minjar um útræði. Vísast hafa slíkar minjar verið inn með ströndinni allri en horfið með stækkun þorpsins, hafnargerð og öðrum framkvæmdum.

Margar þeirra minja sem skráðar voru teljast ekki fornleifar samkvæmt skilgreiningu laganna. Minjar um jarðrækt og skepnuhald ofan Búðarþorps eru til að mynda flestar frá kreppuárunum á fyrri hluta 20. aldar, hafa jafnvel verið í notkun síðar. Þær eru þó merkar heimildir um sérstakt tímabil í sögu þjóðarinnar og eiga það sammerkt að bera vitni fornum byggingaháttum og landnotkun sem höfðu algerlega lagst af um öldina miðja.

Saga jarðanna og fornleifar

Kirkjuból

Landamörk jarðarinnar var við Búðir um Bakkalæk, Gestsstaði um Höfðatá í Hoffellsgjá, gjögur austast í Hoffelli og við Tungu um beina línu úr Traðarhöfða í fjarðarbotn.

Kirkjubóls er ekki getið í heimildum fyrr en eftir siðaskipti þó svo að þar kunni að hafa verið búið fyrr. Jörðin var í bændaeign í jarðatalinu 1847 en síðar í einkaeign í leiguábúð. Engar heimildir eru til um kirkju á staðnum þó sögusagnir séu um bænhús og kirkjugarð, en örnefnið Grafreitarhól er að finna í túni. Búðir voru hjáleiga frá Kirkjubóli og einnig eru heimildir um fjögur smábýli, tómtús eða grasbýli, í landareigninni, Bakka, Grund, Einarsstaði og Götu. Afbýli frá Kirkjubóli var bærinn Aragerði sem mun hafa farið að mestu í eyði í miklu skriðuhlaupi 1825.¹³ Aragerði er því með í þessari fornleifaskráningu þrátt fyrir að það sé nú í landi Gestsstaða. Árið 1923 var jörðin keypt af Búðahreppi og búskapur lagðist þar endanlega af um 1945.¹⁴

Fornleifaskrá - Kirkjuból

K -158528-158-1 Bústaður

Sérheiti: Kirkjuból

Tegund: Bæjarhóll 465

N: 64°56'26" **V:** 14°03'03"

Staðhættir og lýsing

Bæjarhóllinn stendur við göngustíg sem liggur inn frá Ljósalandi, um 200m vestur af Ljósalandsbænum.

Engin hús standa þarna núna en bærinn mun hafa verið rifinn um miðja síðustu öld. Hóllinn er um 40m langur og um 25m breiður. er þýfður en veggjalög eru einungis greinileg í honum framanverðum sunnan til. Við sv hornið er greinileg ferköntuð bygging, um 6x3m, með dyr til suðurs. Fremst í hólnum, framan við inngang í tóftina við sv hornið eru leifar steyptrar þróar, um 2x2m. Kirkjubólssjörðin er nú í útivistarsvæði bæjarins. Göngugata liggur inn frá Ljósalandi framhjá bæjarhólnum og inn að Myllulæk. Tekið hefur verið torf í túninu neðan bæjarhólsins og er því erfitt að greina mannvirki þar.

Heimildaskrá

Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

¹³ Sýslu- og sóknarlýsingar Múlasýslna, bls 411.

¹⁴ Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls. 220-21.

Heimildamaður Ármann Jóhannsson

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

K -158528-158-2

Sérheiti: Kirkjugarðsveggur

Tegund: Garðlag 465

N: 64°56'29" **V:** 14°02'59"

Staðhættir og lýsing

„Kirkjugarðsveggur. Hér var altalað að væri kirkjugarður því var alveg bannað að hreyfa við nokkrum hlut. Mér BB er ekki kunnugt að nokkuð hafi verið athugað með hvort eitthvað kom upp er skurður var grafinn í gegn um garðinn (1).“ „Garður, alveg hringmyndaður, er í Kirkjubólstúni, skammt fyrir ofan bæ; sagnir segja, að það hafi verið grafreitir. Hann var kallaður Grafreitarhóll og var nokkru stærri en grafreitirinn í Dölum (2).“

Garðlag liggur í boga á um 20m kafla fast ofan við efsta skurð í túni á Kirkjubóli um 80-100m ofan bæjarhólsins. Garðurinn hefur legið í hring umhverfis og austur fyrir tvær hólmyndanir í túninu. Greinilegt áframhald er á garðinum á tveimur stöðum í túninu neðan skurðarins.



Mynd 1. Kirkugarðsveggur 158-2 Kirkugarðsveggur ofan við skurð í túni á Kirkjubóli. Ljós. GZ

K -158528-158-3

Sérheiti: Grafreitarhóll

Tegund: Þúst 465

N: 64°56'28"

V: 14°03'02"

Staðhættir og lýsing

Tvær hólmyndanir eru efst í túni á Kirkjubóli um 50m ofan bæjarhólsins.

Mjög þýft er umhverfis hólana og ekkert veggjalag greinlegt. Hólarnir liggja innan garðlags sem hefur verið nálega hringlaga. Það er sundurskorið

Greinilegt garðbrot liggur á um 15m kafla neðan skurðar en ógreinilegra garðbrot er greinilegt um 30m norðan þess. Nyrðra garðbrotið liggur rétt aftan við svokallaðan Kirkju- eða Grafreitarhól. Þriðja garðbrotið, mjórra og ógleggra en hin tvö fyrri, liggur svo í boga út frá skurðinum til vesturs að Grafreitarhólnum. Garðbrot þessi eru öll útflött og hlaupin í þúfur.

af skurði og horfið á nokkrum kafla í túninu. Hólarnir standa hæst í um 1m og eru er sá efti ívið stærri, um 15x10m en sá neðri um 10x8m að ummáli.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

Heimildaskrá


1. Örnefnaskráning á Ara-gerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.
2. Örnefnaskrá Kirkjubóls, Stefán Einarsson skráði.

Ástand: sæmilegt

Hættumat: lítil hætta



Mynd 2. Grafreitarhóll 158-3 Kirkjuhóll, horft til suðvesturs. Í forgrunni er garðlag, framhald svokallaðs Kirkjugarðsveggjar ofan skurðar í túni. Ljós. GZ



K -158528-158-4 Mópurrkun
Sérheiti: Kirkjubólsmelur
Tegund: Tóft 465
N: 64°56'43"
V: 14°03'33"

Staðhættir og lýsing

Á Kirkjubólsmelnum miðjum, um 30m ofan við grjóthrúguna fremst á Kirkjubólsmelnum en 50m neðan svokallaðrar Mótorfu.

Leifar grjótbyrgis um 5x3m að utanmáli. Hleðsla hefur verið nálega ferhyrnd en er nú mikið hrúin inn á við þannig að tóftin er nú nálega óreglugleg grjóthrúga. Hefur snúið nálega v-a

Ástand: gott

Hættumat: engin hætta



Ástand: gott

Hættumat: engin hætta

Mynd 3. Grjótrúst á Kirkjubólsmel 158-4 Grjótrúst efst á Kirkjubólsmel neðan svokallaðrar Mótorfu. Horft til austurs, Búðarþorp í baksýn. Ljósmynd. GZ

K -158528-158-5 Mópurrkun
Sérheiti: Kirkjubólsmelur
Tegund: Hleðsla 465
N: 64°56'43"
V: 14°03'35"

Staðhættir og lýsing

„Á há Kirkjubólsmelnum eru ummerki eftir grjóthleðslu líklega smá byrgi, en þar á melnum var þurrkaður mór sem tekinn var í Mótorfu staðsetn: sem er upp með Kirkjubólssá að innan.“

(1) Frammi á Kirkjubólsmel er grjóthrúga, 5x3 að utanmáli, en veggjalag er ekki lengur greinanlegt. Hefur snúið nálega v-a.

Heimildaskrá

1. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Mynd 4. Stekkur við Kirkjubólsá 158-8 Stekkur austan Kirkjubólsár, horft til norðurs, Kirkjubólsmelur í bakgrunni. Ljósmynd. GZ



K -158528-158-6

Mótekja

Sérheiti:

Mótorfa

N: 64°56'47"

V: 14°03'32"

Staðhættir og lýsing

„Á há Kirkjubólsmelnum eru ummerki eftir grjóthleðslu líklega smá byrgi, en þar á melnum var þurrkaður mór sem tekinn var í Mótorfu staðsetn: sem er upp með Kirkjubólsá að innan. Þetta var úrvalsmór.“ (1) Efst á Kirkjubólsmelnum þar sem hann mætir fjallshlíðinni er grösugt flatlendi. Þar er fjöldi mógrafa.

Heimildaskrá

1. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: gott

Hættumat: engin hættu

K -158528-158-7 Mótekja

Tegund: Tóftaþyrping 465

N: 64°56'41" V: 14°03'05"

Staðhættir og lýsing

Á mel sem liggur ofan (norðan) Ytri- og Innri-Króarmela.

Á Melnum eru stórar mógrafir og tvær litlar grjóthlaðnar tóftir. Neðri tóftin vestan undir stórum jarðföstum steini og er um 3x1,5m að innanmáli. Hún snýr nálega a-v og er mynduð úr einfaldri grjótröð. Efri tóftin er um 10m ofar, liggur eins og er eins að stærð og gerð.

Ástand: gott

Hættumat: engin hættu

K -158528-158-8 Stekkur

Sérheiti: Stekkurinn


Tegund: Tóft 465

N: 64°56'41" V: 14°03'26"

Staðhættir og lýsing

Stendur upp með Kirkjubólsá til móts við Kirkjubólsmel, austan árinna. Í hvammi bak við Melhól sem stendur við Kirkjubólsá.

Stekkurinn er byggður upp við brekku og er stór jarðfastur steinn í na horni hans. Framan við steininn er um 8m langt og 4m breitt hólf sem er



afmarkað af grjótröð að sunnan en garðlagi sem liggur frá steininum norðanvert. Um 2m langur veggur liggur frá brekkunni og skiptir þessu hólfi í tvennt. Ferköntuð grjót- og torfhlaðin tóft, 1,5x3,5 að innanmáli, myndar vesturhlið hólfins. Grjót er greinilegt í hleðslum og dyr eru á austurhlið. Vegglag liggur frá na horni þessarar tóftar til móts við garðlagið frá steininum og er þar inngangurinn í stekkin. Mun hafa verið notaður við fráfarur og sem rétt.

Heimildaskrá

Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

K -158528-158-9 Mótekja

Sérheiti: Háimell

Tegund: Tóft 465

N: 64°56'34" V: 14°03'28"

Staðhættir og lýsing

„Fyrir utan hana (Kirkjubólsá), við túnið, er Myllulækur, en Þverá á milli. Milli ár og lækjar Háimell; á honum hefur verið kró.“ (1). Melurinn hefur verið notaður til efnistöku og er nú að mestu horfinn. Hróga af steinum er á miðju svæðinu sem kann að vera úr krónni sem getið er um. Melur þar sem sóttur var mór (2).

Heimildaskrá

1. Örnefnaskrá Kirkjubóls, Stefán Einarsson skráði.

2. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: horfið

K -158528-158-10 Mylla

Sérheiti: Myllulækur

Tegund: Tóft 465

N: 64°56'32" V: 14°03'21"

Staðhættir og lýsing

„Næsti lækur fyrir utan Aragerðislæk er Kirkjubólsá. Fyrir utan hana við túnið, er Myllulækur (1).“ „Þar sem hællinn er var Ullarþvottastöðin og rétt ofar í læknum var Myllan. Gilið þar sem lækurinn kemur úr heitir Myllugil (2).“ Myllulækur rennur rétt austan við Hámel svokallaðan. Framan við þar sem lækurinn kemur

út úr gili skiptast tveir farvegir út úr læknum. Neðst á austurbakka vestustu kvíslarinnar, þar sem hún mætir aðallæknum, eru leifar myllu. Myllan hefur verið niðurgráfin, ferköntuð, og eru veggirnir grjóthlaðnir, dýpt um 40sm.

Heimildaskrá

1. Örnefnaskrá Kirkjubóls, Stefán Einarsson skráði.

2. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: sæmilegt

Hættumat: hætta vegna landbrots

K -158528-158-11 Rétt

Tegund: Tóft 465

N: 64°56'31" V: 14°03'20"

Staðhættir og lýsing

Réttin, 5x2m að innanmáli, stendur um 10m austan við Myllulæk, rétt ofan vegslóða sem liggur inn frá bæjarhóli að Háamel. Grjót- og torfhlaðin á þrjá vegu en er opin til austurs. Veggir heillegir, grjót greinilegt í hleðslu. Hleðslur undan girðingum liggja frá nv og sv hornum réttarinnar.


„Réttin. Þar utan og neðan við var blóðvöllurinn, þar sem öllu var slátrað. Á síðast liðnu sumri (2000) fann Björgvin Baldursson brotinn myllusteinn á blóðréttarveggnum. Stein þennan tók hann með sér heim til varðveislu.“(1)

Heimildaskrá

1. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta



K -158528-158-12 Tóft
Sérheiti: Innri-Króarmelur
Tegund: Tóft 465
N: 64°56'36" V: 14°03'10"

Staðhættir og lýsing

„Nú göngum við upp frá réttinni upp á Innri-Króarmel. Gjarnan staðið yfir fé á og ofan þessa mels.“ (1) „Utan við Myllulækinn er Króarmell; á honum hafa verið tvær krær.“ (2) „Á Innri-Króarmel eru merki um grjóthleðslu. Veggir hrundir inn á við þannig að veggjalag er ógreinilegt. Um 5x4 að utanmáli.

Heimildaskrá

1. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.
2. Örnefnaskrá Kirkjubóls, Stefán Einarsson skráði.

Ástand: gott

Hættumat: engin hætta

K -158528-158-13
Sérheiti: Ytri-Króarmelur
Tegund: Tóftabyrping 465
N: 64°56'35" V: 14°03'02"

Staðhættir og lýsing

„Utan við Myllulækinn er Króarmell; á honum hafa verið tvær krær.“(1) „Melurinn er beint ofan bæjarstaðisins á Kirkjubóli. „Mönnum ber ekki saman um hvort þetta hafi eingöngu verið heykrær eða menn hafi líklega hengt upp fisk í þær.“(2)


Á melnum eru leifar tveggja mjög hruninna grjóttófta. Sú neðri stendur fremst á melnum, snýr sa-nv, um 6x4 að utanmáli. Um 30m ofan hennar er önnur tóft um 5x4 að utanmáli. Hleðslur eru hrundar í báðum tóftunum þannig að þær mynda óreglulegar hrúgur (gps á efri tóft N64°56.37 V14°03.02).

Heimildaskrá

1. Örnefnaskrá Kirkjubóls, Stefán Einarsson skráði.
2. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: sæmilegt

Hættumat: engin hætta



K -158528-158-14 Hesthús
Sérheiti: Hesthústóftin
Hlutverk:Hesthús
Tegund: Tóft 465
N: 64°56'26" V: 14°03'11"

Staðhættir og lýsing

„Séð frá Y-Króarmel er Litlatunga. Landspilda sem nær frá Hjallalæk að utan og inn yfir Kirkjubólstúnið að læk sem er utan við Hestshústóftina.“ (1). „Hesthústóftin stendur um 30m neðan vegaslóðans sem liggur inn túnið að Háamel, um 60-80m vestan við bæjarhólinn. Ferköntuð tóft, 2x5 að innanmáli, grjót- og torfhlaðin á þrjá vegu en timburstafn hefur verið á suðurhlið.

Heimildaskrá

1. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

K -158528-158-15 Tóft
Sérheiti: Geitakofi
Tegund: Tóft 465
N: 64°56'32" V: 14°03'03"

Staðhættir og lýsing

Geitakofinn stendur framan og sa við Ytri-Króarmel um 15m ofan túngarðs. Grjóthlaðin smátóft, um 4x2,5 að utanmáli, vestari veggur stendur enn er eystri veggur er hrun-



Mynd 5. Kirkjubólstún 158-16 Séð til suðurs yfir túnið á Kirkjubóli. Ljós. GZ


inn inn á við. Tóftin er vaxin lyngi og birki vex inni í tóftinni. „Geitakofinn (tóftarbrot). Notaður af Jóhanni pabba Ármanns líklega allt til 1936.“(1)

Heimildaskrá

1. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hættu



K -158528-158-16 Fjós og fjárhús

Sérheiti: Sumarfjósið

Tegund: Tóft 465

N: 64°56'31" **V:** 14°03'04"

Staðhættir og lýsing

Um 150m norðan bæjarhóls, um 15m vestan bæjarlækjar og um 5m ofan votheysgryfju.

Ferköntuð grjót- og torftóft, 5x3 að innanmáli, og eru veggir hrundir og nokkuð útflattir, grjót sést þó í veggjum á stöku stað. Dyr hafa verið á suðurhlíð. „Sumarfjósið - að vetri til notuð fyrir lömb og hrúta.“(1)

Heimildaskrá

1. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hættu



Mynd 6. Sumarfjós og hlaða 158-17 Svokallað Sumarfjós og Votheysgryja efst í Kirkjubólstúni. Ljós. GZ

K -158528-158-17 Hlaða

Sérheiti: Votheysgryfjan

Tegund: Tóft 465

N: 64°56'31" **V:** 14°03'04"

Staðhættir og lýsing

Um 150m ofan (norðan) bæjarhóls, um 15m vestan bæjarlækjar.

Hringhlaðin tóft, 5m í þvermál, úr torfi og grjóti, veggjaþykkt um 1-2m. Gryfjan er um 50sm að dýpt. „Votheysgryfjan, notuð sem kartöflugeymsla af JÁ.“

Heimildaskrá

Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hættu

K -158528-158-18 Gata

Sérheiti: Kúagatan

Tegund: Heimild 465

N: 64°56'31" **V:** 14°03'05"

Staðhættir og lýsing

„Þetta var leið kúa frá fjósi upp úr túngarði.“(1)

Heimildaskrá

Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hættu


K -158528-158-19 Fjánhús

Tegund: Tóft 465

N: 64°56'31" **V:** 14°03'02"

Staðhættir og lýsing

„Fjánhúsin, þar fyrir neðan Fjánhúshóll.“(1)
Standa um 150m ofan bæjarhólsins um 10-15m austan Bæjarlækjar.



Ferhyrnd tóft, um 10x6 að utanmáli, hleðsla úr torfi og grjóti en grjót sést ekki í hleðslu. Hleðsla undan garða fyrir miðri tóftinni

Heimildaskrá

1. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hættu

K -158528-158-20 Matjurtagarður

Tegund: Garðlag 465

N: 64°56'30" V: 14°03'00"

Staðhættir og lýsing

Neðan túngarðs um 10m austan fjárhúss og um 20m norðan við „kirkjugarðsvegginn“ ofan efsta skurðar í túni.

Garðurinn er óreglulegur í laginu en er um 18m þar sem hann er lengstur og 15m þar sem hann er breiðastur. Enginn garður umhverfis en einföld grjótröð liggur í boga í um 7m út frá garðinum norðanverðum. Þarna munu hafa verið kartöflu- og rófugarðar.

Heimildaskrá

Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hættu

K -158528-158-21 Matjurtagarður

Sérheiti: Matjurtagarður Ásgríms

Tegund: Garðlag 465

N: 64°56'30" V: 14°02'57"

Staðhættir og lýsing

Tveir matjurtagarðar eru við túngarðinn um 20m ofan við hlöðutóft Ásgríms og um 150m ofan bæjarhólsins.

Annar garðurinn er ferkantaður um 15x6m að utanmáli og er áfastur túngarðinum ofan til. Neðan túngarðsins, austan og neðan efra garðsins er matjurtagarður sem liggur í hálfhring neðan við túngarðinn á um 15m kafla og er 15m þar sem hann er breiðastur. Mun hafa verið kallaður matjurtagarður Ásgríms.

Heimildaskrá

Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hættu

K -158528-158-22 Hlaða

Sérheiti: Hlöðutóft Ásgríms

Tegund: Tóft

N: 64°56'30" V: 14°02'56"

Staðhættir og lýsing

Um 40-50m ofan efsta skurðar um 120m na (ofan) bæjarhóls.

Ferköntuð grjót- og torfhlaðin tóft, lengd 9m breidd 6m. Hleðsla stendur vel nema hvað önnur langhlið hefur hrunið fram. Ferkantaður niðurgröftur er við nv horn hlöðutóftarinnar og lág garðlög, líklega undan girðingu, liggja frá niðurgreftrinum upp að túngarðinum. Ferkantaður garður eða upphækkun er framan tóftarinnar og ógreinilegt veggjalag myndar ferhyrnt hólfr neðst við hana. „Hlöðutóft Ásgríms. Líklegast fjárhús og hlöðutóft frá búskaparárum Einars Einarssonar.“(1)

Heimildaskrá

1. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hættu

K -158528-158-23 Hleðsla

Tegund: Garðlag 465

N: 64°56'30" V: 14°02'58"

Staðhættir og lýsing

Einföld grjóthleðsla er um 5m vestan neðsta hluta matjurtagarðar Ásgríms sem myndar lítið ferhyrnt hól um 1x2m að innanmáli. Einföld grjótlögn, um 10m löng, liggur svo upp frá tóftinni í átt að túngarðinum

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

K -158528-158-24

Tegund: Tóft og Gerði 465

N: 64°56'32" V 14°03'05"

Staðhættir og lýsing

Um 160m ofan (norðan bæjarhóls) um 10m vestan Sumarfjöss og Votheysgryfju.

Ferköntuð grjóthlaðin tóft, um 4x1.5m, grafin í brekkuna að hluta. Hleðslan er mynduð af nokkuð stóru náttúrugrjóti. Einföld grjótlögn liggur um 8m upp að túngarðinum frá na horni tóftarinnar og myndar þar lítið hól, um 1x1m að innanmáli.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

K -158528-158-25 Reykkofi

Tegund: Tóft 465

N: 64°56'29" V: 14°03'04"


Staðhættir og lýsing

Um 30m norðvestan Grafreitarhóls og um 70m norðan bæjarhóls á austurbakka bæjarlækjar.

Ferköntuð tóft úr torfi og grjóti, 4x2 að innanmáli. Tóftin liggur meðfram bæjarlæknum og er sú langhlið sem að honum snýr hrunin út á við. Timburstafn hefur verið á suðurhlið. „Hér byggði Jóhann Árnason kofa til að reykja mat sjóða slátur einnig voru þvegnir þvottar því í kofanum voru tveir stórir pottar á hlóðum og á þeim árum rann all nokkur lækur við kofa vegginn. Svokallaður Bæjarlækur. Greinilega affall úr Hjallalæk.“(1)

Heimildaskrá

1. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.



Ástand: sæmilegt

Hættumat: hætta vegna landbrots

K -158528-158-26 Leikvöllur

Sérheiti: Hornakofinn

Tegund: Heimild 465

N: 64°56'25" V: 14°03'02"

Staðhættir og lýsing

Hornakofinn var staðsettur við Kirkjubólshæinn og er hann nú horfinn.

Heimildaskrá

Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: horfið

K -158528-158-27 Hlaða

Sérheiti: Guðjónshlaða

Tegund: Heimild 465

N: 64°56'25" V: 14°03'02"


Staðhættir og lýsing

Guðjónshlaða stóð við Kirkjubólshæinn en er nú horfin.

Heimildaskrá

Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: horfið



K -158528-158-28 Heystæði

Tegund: Tóft 465

N: 64°56'28" **V:** 14°03'13"

Staðhættir og lýsing

„Heytóftin (100-28) þar fyrir ofan var hesthúsið það lenti undir veginn.“(1)

Um 20-30m neðan götunnar sem liggur inn frá Kirkjubóli, um 80-100m inn frá bæjarhólnum.

Ferköntuð grjót- og torfhláðin tóft, 8x2 að innanmáli, án dyra. Grjót sést á einum stað í hleðslu. Stór jarðfastur steinn er við nv horn tóftarinnar.

Heimildaskrá

1. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

K -158528-158-29 Hesthús

Tegund: Tóft 465

N: 64°56'29" **V:** 14°03'13"

Staðhættir og lýsing

„Heytóftin (100-28) þar fyrir ofan var hesthúsið það lenti undir veginn.“(1)

Sést ekki lengur.

Heimildaskrá

1. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: horfið

K -158528-158-30 Vatnsból

Tegund: Brunnur 465

N: 64°56'26" **V:** 14°02'59"

Staðhættir og lýsing

„Gata lá frá húshorni að brunninum og var brú á ræsi á leiðinni.“ Brunnurinn er á na bakka skurðar ofan bæjarhólsins um 60m sa Kirkjuhóls.

Brunnurinn er grjóthlaðinn, hringlaga um 1x1,5 að utanmáli. Hluti hans hefur skemmst þegar skurðurinn var grafinn.

Heimildaskrá

Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: sæmilegt

Hættumat: lítil hætta

K -158528-158-31 Samgöngubót

Tegund: Brú 465

N: 64°56'26" **V:** 14°03'00"

Staðhættir og lýsing

Gata lá frá húshorni að brunninum og var brú á ræsi á leiðinni.“(1)

Upphlaðin gata liggur um 30m na frá bæjarhólnum að brunninum. Um 10m ofan (na) bæjarhóls er ræsi og er hlaðin 1,5m breið brú yfir það. Hluti götunnar hefur horfið við skurðgröft.

Heimildaskrá

1. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

K -158528-158-32

Sérheiti: Fiskasteinn

Tegund: Heimild 465

N: 64°56'25" **V:** 14°03'02"

Staðhættir og lýsing

„Við húshornið var steinn sem kallaður var fiskasteinn því þar var barinn fiskur.“

Steinninn mun hafa verið fjarlægður fyrir nokkrum árum.

Heimildaskrá

Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: horfið

K -158528-158-33 Mótækja

Hlutverk: Mótækja

N: 64°56'23" **V:** 14°02'49"

Staðhættir og lýsing

Mógrafir eru í mýrinni rétt austan við þar sem efsti skurður í túni mætir Hjallalæk. „Mógröf nýtt af þorpsbúum.“(1)

Heimildaskrá

1. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli
10. júní 1999.

Ástand: gott

Hættumat: engin hætta

K -158528-158-34 Mótækja

Sérheiti: Mógil

Tegund: Heimild 465

N: 64°56'26" **V:** 14°02'40"

Staðhættir og lýsing

„Langihryggur heitir frá túni og upp í Kasthól innan við Grundará. Kúalág var innan við Langahrygg. Mógil heitir fyrir innan Langahrygg. Þar var melur sem kaupstaðarbúar höfðu garða sína í á stríðsárunum síðari og kölluðu Garðamel.“(1)

Heimildaskrá

1. Örnefnaskrá Kirkjubóls, Stefán Einarsson
skráði.

Ástand: gott

Hættumat: engin hætta

K -158528-158-35 Bústaður

Sérheiti: Mómelshús/Mókofi


Tegund: Bæjarstæði 465

N: 64°56'25" **V:** 14°02'42"

Staðhættir og lýsing

Um 100m austan Kirkjubólshæjar og um 10m vestan Mógilslækjar.

Þar sem kofinn stóð eru nú hrúga af grjóti og torfi og hefur girðingarefni og grjóti verið fleygt í tóftina. Fra tóftinni liggur ógreinilegt garðlag í um 80 metra niður með Mógilslæk. Áfast þessu garðlagi austanvert er ferkantað hólf (gps N64°56.24 V14°02.42). Ógreinilegt garðbrot liggur til na frá garðinum á um 10 m kafla sunnan við bæjarhúsatóftina. „Mókofi, líklegast er hann síðustu menjar af býlinu Mómelshús. Kartöflugarðamelur heitir réttu nafni Mómelur.“(1)



Heimildaskrá

1. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli
10. júní 1999.

Heimildamaður Bjarni Björnsson

Ástand: sæmilegt

Hættumat: lítil hætta

K -158528-158-36 Matjurtagarðar

Sérheiti: Kartöflugarðamelur

Tegund: Garðlag 465

N: 64°56'28" **V:** 14°02'41"

Staðhættir og lýsing

Melurinn liggur vestan Mógilslækjar og eru á honum nokkrir matjurtagarðar.

„Kartöflugarðamelur heitir réttu nafni Mómelur.“(1) „Mógil heitir fyrir innan Langahrygg. Þar var melur sem kaupstaðarbúar höfðu garða sína í á stríðsárunum síðari og kölluðu Garðamel.“(2)

Heimildaskrá

1. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.
2. Örnefnaskrá Kirkjubóls, Stefán Einarsson skráði.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

K -158528-158-37 Mótækja

N: 64°56'24" V: 14°02'37"

Staðhættir og lýsing

Mógrafir á flatlendi austan Mógilslækjar, vestan undir Langahrygg.

Ástand: gott

Hættumat: engin hætta

K -158528-158-38 Fjánhús

Sérheiti: Móhús

Tegund: Heimild 465

N: 64°56'23" V: 14°02'35"

Staðhættir og lýsing

„Utan við Mógil er Langihryggur. Á smá bala neðan við Langahrygg var smá hús sem kallað var Móhús. Síðan var þetta hús tekið upp og borði á trjám út í þorp og var þá kallað Gullbringa frá því. Seinna rifði af Jónasi Eiríkssyni og flutt í Höfðatún og notað í fjárhúsbyggingu.“ (1) „Móhús var fjárhús á túninu.“ (2) Bjarni Björnsson á Ljósalandi segist hafa sléttað leifarnar af kofanum. Þarna er nú trjárækt.

Heimildaskrá

1. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.
2. Örnefnaskrá Kirkjubóls, Stefán Einarsson skráði.

Heimildamaður Bjarni Björnsson

Ástand: horfið

K -158528-158-39 Matjurtagarður

Tegund: Garðlag 465

N: 64°56'32" V: 14°03'11"

Staðhættir og lýsing

Tveir matjurtagarðar eru um 150m norður af bæjarhólnum um 50m inn af Votheysgryfjunni.

Ferkantaður garður um 17x7m er áfastur við túngarðinn. Um 7m neðan hans er annar garður um 10x6m.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

K -158528-158-40 Bústaður

Sérheiti: Grund

Tegund: Bæjarstæði 465

N: 64°56'11" V: 14°02'16"

Staðhættir og lýsing

„Á blettinum milli Skjólgsáanna eru sagnir um þrjú smábýli. Það var býlið Grund. Það er hægt að sjá fyrir ummerkjum eftir það rétt fram og niður af Ljóslands húsinu. Einarstaðir. Það mun hafa staðið nánast þar sem hliðið er utan við Ljósaland. Gata. Það er undir verkstæðis-horninu að utan og neðan.“ (1) „Grund hét yzt í túni, þar sem nú heitir Ljósaland. Þar voru þrjú býli: Bakkakofi, Mómelshús og Grund. Þar fyrir innan var Einarshústún; það tún átti Einar Einarsson og fékk það með konunni.“ (2) Mun hafa staðið framan og neðan við íbúðarhúsið á Ljósalandi. Þar er upphækkun í túninu sem trjám hefur verið plantað í.

Heimildaskrá

1. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.
2. Örnefnaskrá Kirkjubóls, Stefán Einarsson skráði.

Ástand: horfið

K -158528-158-41 Bústaður

Sérheiti: Einarstaðir

Tegund: Bæjarstæði 465

N: 64°56'17" V: 14°02'23"

Staðhættir og lýsing

„Á blettinum milli Skjólgsáanna eru sagnir um þrjú smábýli. Það var býlið Grund. Það er hægt að sjá fyrir ummerkjum eftir það rétt fram og niður af Ljóslands húsinu. Einarstaðir. Það mun hafa staðið nánast þar sem hliðið er utan við Ljósaland. Gata. Það er undir verkstæðis-horninu að utan og neðan.“ (1) „Grund hét yzt í túni, þar sem nú heitir Ljósaland. Þar voru þrjú býli: Bakkakofi, Mómelshús og Grund. Þar fyrir

innan var Einarshústún; það tún átti Einar Einarsson og fékk það með konunni. .”(2) Engin merki eru nú um þetta býli

Heimildaskrá

1. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.
2. Örnefnaskrá Kirkjubóls, Stefán Einarsson skráði.

Ástand: horfið

K -158528-158-42 Bústaður

Sérheiti: Gata

Tegund: Bæjarstæði 465

N: 64°56'14" V: 14°02'23"

Staðhættir og lýsing

„Á blettinum milli Skjólgsáanna eru sagnir um þrjú smábýli. Það var býlið Grund. Það er hægt að sjá fyrir ummerkjum eftir það rétt fram og niður af Ljósaland húsínu. Einarstaðir. Það mun hafa staðið nánast þar sem hliðið er utan við Ljósaland. Gata. Það er undir verkstæðishorninu að utan og neðan.”(1) “Grund hét yzt í túni, þar sem nú heitir Ljósaland. Þar voru þrjú býli; Bakkakofi, Mómelshús og Grund. Þar fyrir innan var Einarshústún; það tún átti Einar Einarsson og fékk það með konunni..”(2) Engin merki eru nú lengur um þetta býli.

Heimildaskrá

1. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.
2. Örnefnaskrá Kirkjubóls, Stefán Einarsson skráði.

Ástand: horfið

K -158528-158-43 Ullarvinnsla

Sérheiti: Ullarþvottastöðin

Tegund: Heimild 465

N: 64°56'31" V: 14°03'20"

Staðhættir og lýsing

Ullarþvottastöðin stóð við Myllulæk.

Heimildaskrá

Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: gott

Hættumat: hætta vegna landbrots

K -158528-158-44

Sérheiti: Blóðvöllurinn

Tegund: Heimild 465

N: 64°56'31" V: 14°03'17"

Staðhættir og lýsing

Blóðvöllurinn var utan og neðan við Réttina (100-11). Þar var öllu fé slátrað.

Heimildaskrá

Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

K -158528-158-45

Tegund: Tóft 465

N: 64°56'38" V: 14°03'13"


Staðhættir og lýsing

Um 70m ofan (norðan) Innri-Króarmels, í brekku um 6m vestan og ofan Myllulækjar.

Tvö samföst hólf með hlöðnum veggjum, það efra um 5x5m, það neðra um 2x2 að innanmáli. Inngangur hefur verið í na horni fram að læknum. Nokkuð brött brekka er framan við tóftina. Um 7m neðan (sunnan) þessara tófta er ferköntuð smátóft um 2x2 að innanmáli. Þessar tóftir eru nú nálega horfnar í skóg. Kunna að vera tóftir stekkar.

Ástand: sæmilegt

Hættumat: mikil hætta vegna gróðurs





Mynd 7. Stóristeinn 158-46 Álfabústaðurinn
Stóristeinn neðan við Innri-Króarmel, Hoffell í
baksýn. Ljós. GZ

áberandi í umhverfinu, heldur minni en Stóristeinn.

Heimildaskrá

1. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: gott

Hættumat: engin hætta

K -158528-158-48

Tegund: Tóft 465

N: 64°56'40" **N:** 14°03'11"

Staðhættir og lýsing

Stendur um 7m vestan Myllulækjar ofan Innri-Króarmels, rétt neðan við þar sem annar lækur mætir Myllulæknum. Tvö samsíða hólf, það stærra

ofan við um 6x4m það smærra áfast neðan við um 2x1,5 að innanmáli. Eru niðurgrafnar en grjót er ekki greinilegt í veggjum. Um tveggja metra

K -158528-158- 46 Álagablettur

Sérheiti: Stóristeinn

Tegund: Álagablettur 465

N: 64°56'35" **V:** 14°03'17"

Staðhættir og lýsing

„Á leið okkar upp melinn (Innri-Króarmelur) verða tveir steinar sem kallast bara Stóristeinn og Litlisteinn þar búa álfar.“(1) Stóristeinn stendur um 20m austan og ofan Myllulækjar. Jarðfastur steinn, nokkuð áberandi í umhverfinu.

Heimildaskrá

1. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: gott

Hættumat: engin hætta

K -158528-158- 47 Álagablettur


Sérheiti: Litlisteinn

Tegund: Álagablettur 465

N: 64°56'33" **V:** 14°03'15"

Staðhættir og lýsing

„Á leið okkar upp melinn (Innri-Króarmelur) verða tveir steinar sem kallast bara Stóristeinn og Litlisteinn þar búa álfar.“(1) Litlisteinn stendur í brekkunni framan Innri-Króarmels, um 50m sa Stóristeins. Stór jarðfastur steinn, nokkuð



langt veggjabrot skilur hólfin að. Tóftirnar eru að hverfa í skógarkjarr.

Ástand: sæmilegt

Hættumat: mikil hætta vegna gróðurs

K -158528-158-49 Heyvinnsla

Sérheiti: Kasthólsbalar

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

„Uppi á heiði, út við Fossá, heitir Kasthólsbalar (þar hefur verið kastað heyi).“ (1)

Kasthólsbalar eru ofan Brúna í fjallinu ofan Kirkjubóls. Þeir eru ekki inni á skipulagssvæðinu og því voru tóftir ekki skráðar þar.

Heimildaskrá

1. Örnefnaskrá Kirkjubóls. Stefán Einarsson skráði.

K -158528-158-50 Bústaður

Sérheiti: Bakkakofi

Tegund: Bæjarstaði 465

N: 64°56'11" V: 14°02'07"

Staðhættir og lýsing

„Á blettinum milli Skjólgsáanna eru sagnir um þrjú smábýli. Það var býlið Grund. Það er hægt að sjá fyrir ummerkjum eftir það rétt fram og niður af Ljósaland húsínu. Einarstaðir. Það mun hafa staðið nánast þar sem hliðið er utan við Ljósaland. Gata. Það er undir verkstæðishorninu að utan og neðan.“ (1) “Grund hét yzt í túni, þar sem nú heitir Ljósaland. Þar voru þrjú býli; Bakkakofi, Mómelshús og Grund. Þar fyrir innan var Einarshústún; það tún átti Einar Einarsson og fékk það með konunni. “ (2) Bjarni Björnsson telur að býlið Bakki hafi upprunalega staðið rétt utan árbakka Ljósalandssár til móts við Einarstaði, gegnt núverandi verkstæðishúsi. Húsið mun svo hafa verið flutt austur fyrir Bakkalæk þar sem nú er tjaldstaði. Þar telur Bjarni að Bakkakofi hafi staðið. Hans sér nú ekki stað lengur.

Heimildaskrá

1. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 1999.
2. Örnefnaskrá Kirkjubóls. Stefán Einarsson skráði.

Heimildamaður: Bjarni Björnsson

Ástand: horfið

K -158528-158-51 Fjánhús

Sérheiti: Lambhústún

N: 64°56'23"

V: 14°02'50"

Staðhættir og lýsing

„Móhús var fjánhús á túninu. Svo var miðstykkið kallað Lambhústún, þar fyrir innan kom Bæjarlækur niður, og þar fyrir innan var Hesthústún.“ (1)

Um 70m austur af bæjarhólum á syðri bakka neðri skurðarins má sjá leifar af fjárhúsi sem mun hafa verið eyðilagt þegar að skurðurinn var grafinn. Sést nú aðeins sem grjót í Skurðarbakknum. Kann að hafa verið lambhúsið sem túnið dregur nafn sitt af. Ógreinilegt garðlag liggur á um 10m kafla niður frá fjárhúsinu.

Heimildaskrá

1. Örnefnaskrá Kirkjubóls, Stefán Einarsson skráði.

Heimildamaður: Bjarni Björnsson

Ástand: horfið

K -158528-158-52 Bústaður

Sérheiti: Bakki

Tegund: Bæjarstaði 465

N: 64°56'16" V: 14°02'19"

Staðhættir og lýsing

„Fyrir utan skiptir Bakkalækur (um aldamót var þar nýbýli, Bakki, fyrir utan læk) milli Búða og Kirkjubóls.“ (1)

Bjarni Björnsson telur að býlið Bakki hafi upprunalega staðið rétt utan árbakka Ljósalandssár til móts við Einarstaði, gegnt núverandi verkstæðishúsi. Húsið mun svo hafa verið flutt austur fyrir Bakkalæk þar sem nú er tjaldstaði. Þar telur Bjarni að Bakkakofi hafi staðið. Á bakknum gegnt verkstæðinu eru brot af garðlögum og ferkantaður niðurgröftur. Matjurtagarður stendur á horninu þar sem Ljósalandssá ytri sveigir til fjalls.

Heimildaskrá

1. Örnefnaskrá Kirkjubóls, Stefán Einarsson skráði.

Ástand: horfið



Mynd 8. Aragerði 158-53
Bæjarhóll og fjárhústóft á
Aragerði, séð til norðurs.
Hoffell í baksýn. Ljós. GZ

aðrar dyr hafa einnig verið á vesturvegg í nv horni tóftarinnar. Smátóft, um 1x2 að innanmáli liggur nv-sa efst í na horni bæjarhólsins. Hleðsluhæð er um 30sm og eru veggir á þrjá vegu en sa stafn vantar. Framan við bæjarhólinn er ferköntuð upphækkun um 8x12m. Hún er um metri á hæð, mjög þýfð og engin

K -158528-158-53 Bústaður

Sérheiti: Aragerði

Tegund: Bæjarstæði 465

N: 64°56'36" V: 14°03'52"

Staðhættir og lýsing

Bæjarstæðið er á grösugu flatlendi um 20m vestan við þar sem tveir lækir mætast um 20m vestan við landamerkjagirðingu bæjarins. Bæjarstæðið er í landi Geststaða en er tekið með hér þar sem bærinn var afbýli frá Kirkjubóli.

Bæjarhólinn, um 20x15m að utanmáli, er vel greinilegur, nokkuð þýfður en í honum eru enn greinilegar tvær tóftir. Önnur veggjalög sjást ekki. Fyrir miðju hólsins er ferköntuð tóft um 4x4m að innanmáli. Veggjahæð tóftarinnar er um 1.70m og er hleðslugrjót greinilegt í veggjum á tveimur stöðum. Dyr hafa verið til suðurs en

veggjalög greinileg. Um 10m vestan bæjarhólsins er lítið fjárhús með áfastri hlöðu.

„Landamerki innan við Kirkjuból er ónefndur lækur, sem ef til vill hefur verið kallaður Aragerðislækur eftir bæ, sem tók af í hlaupi löngu fyrir S.J. minni. Bóndinn á Kirkjubóli hafði Aragerði út úr bóndanum þar fyrir sauðalæri, en Aragerðisbóndi hefndi sín með hlaupinu um vorið.“(2)

Býlið var afbýli frá Kirkjubóli en það eyðilagðist að mestu í skriðuhlaupi úr Hoffellsdal 1825. Það skriðuhlaup olli miklum skemmdum á Kirkjubólsjörðinni (3).

Heimildaskrá

1. Örnefnaskrá Kirkjubóls, Stefán Einarsson skráði.
2. Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 1999.
3. Sýslu- og sóknarlýsingar Múlasýslna, bls 411.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

K -158528-158-54 Fjárhús og hlaða

Sérheiti: Aragerði


Tegund: Tóft 465


N: 64°56'36" V: 14°03'53"

Staðhættir og lýsing

Um 10m innan (vestan) bæjahólsins er tvískipt grjót- og torfhlaðin tóft.

Fjárhús, um 5x3m að innanmáli með áfastri





hlöðu, 2x3 að innanmáli. Grjót sést á stöku stað í hleðslu og grjóthlaðinn þverveggur skilur að fjárhúsið og hlöðuna.

Heimildaskrá

Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

K -158528-158-55

Sérheiti: Aragerði

Tegund: Tóft 465

N: 64°56'34" V: 14°03'52"

Staðhættir og lýsing

Um 40m sunnan við bæjarhólinn í Aragerði við stóran jarðfastan stein er grjót- og torfhlaðin smátóft um 2x1.5m að innanmáli. Tóftin er mjög gróin og hlaupin í þúfur, veggir útflattir. Dyr hafa verið til suðurs.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta


K -158528-158-56

Tegund: Tóft 465

N: 64°56'43" V: 14°03'28"

Staðhættir og lýsing

Stendur efst í hvammi gegnt Kirkjubólsmel, austan Kirkjubólslæk ofan melhæðar sem stendur stök við ána. Um 40m ofan við Stekkinn (158:8). Ógreinileg ferköntuð tóft um 8x4m að innanmáli, sem snýr nv-sa. Dyr á nv horni. Lítið afhólf um 2x1,5 er við na hornið. Ógreinileg garðbrot kunna að vera um 7m vestan tóftarinnar en erfitt er að gera sér grein fyrir því sökum þess að bæði



tóftin og garðlögin eru horfin í lyng og skógar-kjarr.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta


K -158528-158-57 Mótekja


Tegund: Tóft 465

N: 64°56'34" V: 14°03'48"

Staðhættir og lýsing

Frammi á bakka ofan og austan þar sem Aragerðislækur mætir öðrum læk um 50m austan Aragerðis.





K -158528-158-59 Túngarður
Tegund: Garðlag 465
N: 64°56'31" V: 14°03'05"

Staðhættir og lýsing

„Mjög virkjamikill garður um tún og engjar upp af túni.“ (1)
 Garðurinn liggur ofan við tún á Kirkjubóli en hann virðist hafa verið lækkaður og orðið undirstaða girðingar.

Heimildaskrá

1. Sveitir og jarðir í Múlaþingi III bindi, bls 220

Um 6x4m niðurgroftur opinn fram á bakkabrúna. Lítið hólf er ofan við, um 3x1,5m Grjót sést í hleðslu. Líklega tengt vinnslu á mó.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

K -158528-158-58 Mótekja

Tegund: Tóft 465

N: 64°56'37" V: 14°03'46"

Staðhættir og lýsing

Stendur á lækjarbakka um 80m na bæjarhóls á Aragerði.

Um 4x3m ferköntuð upphlaðin tóft, stendur á tungu milli Aragerðislækjar og annars lækjar.

Um 10m ofan tóftarinnar er stór mógröf. Tóftin hefur líklega verið notuð til að þurrka mó.

K -158528-158-60

Sérheiti: Guðmundarhóll

Tegund: Heimild 465

N: 64°56'26" V: 14°03'04"

Staðhættir og lýsing

Hóllinn var neðan bæjarins og munu þar hafa staðið hús. Þarna hefur verið tekið torf og leifar bygginga ekki sýnilegar.

Heimildamaður

Ármann Jóhannsson frá Kirkjubóli.

Ástand: horfið

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

Búðir

Búðir voru hjáleiga frá Kirkjubóli og bændaeygn¹⁵ og einkaeign fram til 1972 er Búðahreppur keypti landið. Búðir voru innsti bær að norðanverðu við fjörðinn og átti mörk að Kappeyri frá Fiskeyri við sjó og í Svartagil í Engihjalla í Fjalli. Mörk við Kirkjuból voru við Bakkalæk rétt utan fjarðarbotns. Búðir voru horfnar sem bújörð úr fasteignabókum árið 1922.¹⁶ “Kot þetta er heldur heyskaparlítið en hefur sæmilegt tún, skógarkropp og útingang.”¹⁷

Fornleifaskrá - Búðir

B -158526-159-1 Bústaður

Sérheiti: Búðir (Innri)

Tegund: Bæjarstæði 465

N: 64°55'59" V: 14°01'25"

Staðhættir og lýsing

Þar sem bærinn stóð stendur nú íbúðarhúsið Búðir við Skólaveg 105.

Ástand: horfið

B -158526-159-2 Stekkur

Sérheiti: Stekkur

Tegund: Tóft 465

N: 64°56'12" V: 14°01'46"

Staðhættir og lýsing

„Upp af Stekk er Fénaðarhryggur; út frá honum er Grenishjalli.“ Túnið utan við Bakkalæk mun vera kallað Stekkur en engar minjar um stekk fundust við skráningu.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Kirkjubóls og Búða, Stefán Einarsson skráði.

B -158526-159-3 Bústaður

Sérheiti: Hermannskofi

Tegund: Bæjarstæði 465

N: 64°56'05" V: 14°01'44"

Staðhættir og lýsing

„Ár í Búðalandi: Búðamenn kölluðu Bakkalæk Stekkalæk, af því að þeirra stekkur stóð rétt utan við hann. Þá er Hermannskofalækur, svo Búðalækur, sem svo hét í túni, en öðru nafni uppi í


fjalli.“ (1) Hermannskofalækur er fyrir utan Stekkinn. Hermannskofi var rétt innan við lækinn; þar bjó karl.“ (2)

Tvær ferkantaðar tóftir á tungu milli tveggja lækja (Hermannskofa- og Stekkjarlækjar) um 5m vestan Hermannskofalækjar og um 60m vestan efsta og innsta húss við Garðaholt. Veggir eru úr grjóti og torfi og eru nokkuð hrundir. Á stöku stað sést í hleðslugrjót. Efri tóftin er minni um 4x1.5 að innanmáli og eru dyr greinilegar við sv horn. Neðri tóftin er stærri um 2.4 að innanmáli en engardyr eru greinilegar. Við sv hlið tóftarinnar er þýfð upphækkun en veggjalag ekki greinilegt. Tóftirnar snúa nv-sa.

Heimildaskrá

- Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999.
- Örnefnaskrá Kirkjubóls og Búða, Stefán Einarsson skráði.

Hættumat: hætta vegna ábúðar



¹⁵ J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi, bls. 376.

¹⁶ Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 217.

¹⁷ Sýslu- og sóknarlýsingar Múlasýslna, bls 411.

B -158526-159-4 Hesthús**Sérheiti:** Hesthústún**Tegund:** Heimild 465**N:** 64°56'01" **V:** 14°01'28"**Staðhættir og lýsing**

„Hesthústún hét fyrir innan og ofan bæ á Búðum.“(1)

Ekki mótar lengur fyrir þessu túni. Gps punktur var tekinn ofan vegar innan og ofan íbúðarhússins Búða.

Heimildaskrá

1. Örnefnaskrá Kirkjubóls og Búða, Stefán Einarsson skráði.

Ástand: horfið**B -158526-159-5 Smiðja****Sérheiti:** Smiðjuhóll**Tegund:** Tóft**N:** 64°55'58" **V:** 14°01'21"**Staðhættir og lýsing**

„Bæjarlækur hét Búðalækur, Smiðjuhóll hét fyrir utan hann.“(1) Rétt utan íbúðahússins Búða rennur lækur. Fast utan læjarins er hóll. Á hólnum eru mishæðir og er ferköntuð tóftamyndun (um 5x1,5m) sv til í hólnum. Í Hól þennan hefur verið plantað trjám. Tóftin snýr nálega n-s.

Heimildaskrá

1. Örnefnaskrá Kirkjubóls og Búða, Stefán Einarsson skráði.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar**B -158526-159-6 Naust****Sérheiti:** Naust/Búðanaust**Tegund:** Heimild 465**N:** 64°55'53" **V:** 14°01'17"**Staðhættir og lýsing**

„Naust (Búðanaust) hétu fyrir neðan Steinholt; þar voru fiskihjallar og uppsátur báta.“(1)Ekki eru lengur menjar um naust í fjörunni en Gps punktur var tekinn vestan við hús Netagerðarinnar Ingólfs, beint neðan Steinhólts.

Heimildaskrá

1. Örnefnaskrá Kirkjubóls og Búða, Stefán Einarsson skráði.

Ástand: horfið**B -158526-159-7 Brunnur****Tegund:** Vatnsból**N:** 64°55'33" **V:** 13°59'24"**Staðhættir og lýsing**

Grjóthlaðinn brunnur var innan við læk um 100-120m ofan við íbúðarhúsið Miðströnd (Strönd). Þarna hefur verið steipt ofan á og er lok á brunninum.

Heimildamaður Björgvin Baldursson**Ástand:** sæmilegt**Hættumat:** hætta vegna ábúðar**B -158526-159-8 Álagablettur****Sérheiti:** Álfamelur**Tegund:** Álagablettur 465**N:** 64°55'48" **V:** 14°00'46"**Staðhættir og lýsing**

„Álfamelur er fyrir utan Rústarlæk (en Ás nú neðst í honum; þar stendur nú kirkjan.“ Gps punktur var tekinn við húsið Ásbrú.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Kirkjubóls og Búða, Stefán Einarsson skráði.

Heimildamaður: Björgvin Baldursson**B -158526-159-9****Tegund:** Tóft 465**N:** 64°56'06" **V:** 14°01'47"**Staðhættir og lýsing**

Ferköntuð grjóthlaðin smátóft-, um 1x1,5m að innanmáli, rétt vestan lækjar þess sem rennur innan við tóftir (stekki) 159:16.

Ástand: gott**Hættumat:** hætta vegna ábúðar**B -159-10 Fjánhús og hlaða****Tegund:** Tóft 465**N:** 64°55'38" **V:** 13°59'35"**Staðhættir og lýsing**

Um 100-150 m ofan við ystu hús á Skólavegi eru tóftir fjárhúsa.

Tóftin er um 10x4m að utanmáli, torf- og grjóthlaðin, og stendur efst í gróinni grastorfu. Vegg-

ir eru mjög heillegir og er hleðslugrjót greinilegt í þeim. Tóftin er tvískipt, fjárhús með áfastri hlöðu aftan til, dyr á milli. Tóftin snýr sv-na og eru dyr fram í fjörðinn. Ummerki um girðingu eru til sitthvorrar áttar ofan tóftarinnar.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

B -159-11 Rétt (gripheldi)

Tegund: Tóft 465

N: 64°55'40" **V:** 13°59'34"

Staðhættir og lýsing

Stendur ofan við ystu hús á Skólavegi, um 40m ofan við fjárhús- og hlöðutóft (159-12). Tveir grjót og torfhlaðnir veggir liggja út frá brekkunni og mynda nálega ferkantað hól, um 10x7m að utanmáli, við brekkurætur. Grjót sést á tveimur stöðum í hleðslu. Líklega einhverskonar rétt eða gripheldi. Tóftin er vaxin lyngi og virðist nokkru eldri en fjárhús- og hlöðutóftin.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

B - 158526-159-12 Rétt (gripheldi)

Tegund: Tóft 465

N: 64°55'41" **V:** 13°59'30"

Staðhættir og lýsing

Um 200m ofan við ystu hús við Skólaveg. Nálega ferhyrnt hól um 6x4m að innanmáli virðist vera grafið inn í hlíðina. Snýr na-sv og er inngangur til sv. Nokkuð rof er í veggjum tóftarinnar.

Ástand: sæmilegt

Hættumat: lítil hætta

B - 158526-159-13 Fjárhús


Tegund: Tóft 465

N: 64°55'42" **V:** 13°59'33"

Staðhættir og lýsing

Um 250 m ofan við ystu hús á Skólavegi og um 200m ofan við vegslóða sem liggur ofan byggðarinnar.

Tvær samfastar tóftir, sú stærri um 7x4m að innanmáli en sú minni um 4x3 m að innanmáli. Tóftirnar snúa nálega n-s og vita dyr út til fjarð-



arins. Hleðslur standa vel og er hleðslugrjót mjög greinilegt í veggjum.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

B- 158526-159-14 Fjárhús

Tegund: Tóft 465

N: 64°55'42" **V:** 13°59'36"


Staðhættir og lýsing


Um 40m vestan við fjárhús (159-13).

Ferköntuð torf- og grjóttóft snýr dyrum fram að firðinum um 10x3m að innanmáli. Hleðslur mjög greinilegar en nokkuð hrundar. Veggjalag stendur í boga um 2 m út frá nv horni. Tóftin stendur á hólmyndun og eru mishæðir umhverfis tóftina sem kunna að benda til endurbygginga á sama stað þó veggjalög séu ekki greinileg.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta





B -158526-159-17 Matjurtagarður

Tegund: Garðlag 465

N: 64°55'42" **V:** 13°59'55"

Staðhættir og lýsing

Um 40m utan og ofan ysta einbýlishúss á Hlíðargötu, rétt vestan lækjar ofan við götuna sem liggur út frá Hlíðargötu ofan byggðarinnar. Um 10x20m umlukinn garðlagi.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

B -158526-159-18 Matjurtagarður

Tegund: Garðlag 465

N: 64°55'40" **V:** 13°59'55"

Staðhættir og lýsing

Um 60m utan og neðan ysta einbýlishúss á Hlíðargötu, neðan við götuna sem liggur út frá Hlíðargötu ofan byggðarinnar. Garðurinn er um 10x10m afmarkaður með einfaldri grjótröð.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

B -158526-159-19 Matjurtagarður

Tegund: Garðlag 465

N: 64°55'40" **V:** 13°59'53"

Staðhættir og lýsing

Um 40m utan ysta einbýlishúss á Hlíðargötu um 10m ofan götunnar sem liggur út frá Hlíðargötu. Um 15x10m, afmarkaður með einfaldri grjótröð.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

B -158526-159-20 Matjurtagarður

Tegund: Garðlag 465

N: 64°55'40" **V:** 13°59'50"

Staðhættir og lýsing

Um 100m utan og ofan ysta einbýlishúss á Hlíðargötu, rétt ofan götunnar sem liggur út frá Hlíðargötu ofan byggðarinnar. Um 10x5m langhliðar afmarkaðar með einfaldri grjótröð

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

B -158526-159-15 Stekkur/Kvíar

Tegund: Tóft 465

N: 64°56'06" **V:** 14°01'46"

Staðhættir og lýsing

Á tungu milli Hermannskofalækjar og annars lækjar um 40m upp af þar sem lækirnir mætast við gatnamót Skólavegar og Óseyrar.

Mjög hrúnin ferköntuð grjót- og torftóft. Út frá henni liggur um 6m löng hleðsla í hálfhring sem myndar annað hólf. Öll tóftin er um 10x7m að utanmáli. Kann að hafa verið stekkur eða kvíar.

Ástand: sæmilegt

Hættumat: hætta vegna ábúðar

B -158526-159-16 Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

N: 64°55'40" **V:** 13°59'38"

Staðhættir og lýsing

Matjurtagarðar sem voru við gömlu bæjargirðinguna um 20m neðan fjárhúsa 159-15.

Þrjár samliggjandi matjurtagarðar sem umkringdir eru lágu garðlagi. Samanlagt eru garðarnir um 35m á lengdina en 15m að breidd.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

B -158526-159-21 Varnargarður

Tegund: Garðlag 465

N:64°55'52" **V:**14°01'01"

Staðhættir og lýsing

Heimildir eru til um grjótgarð til varnar flóðum úr svokölluðum Gilstungulæk. Garðurinn stóð upp með austurbakka lækjarins.

Heimildamaður Elis B Eiríksson

Ástand: horfið

B -158526-159-22 Fjánhús

Tegund: Tóft 465

N: 64°56'07" **V:** 14°01'23"

Staðhættir og lýsing

Tóftin liggur um 80-100m ofan við gatnamót Garða- og Króksholts. Ferköntuð torf- og grjót-hlaðin tóft, snýr na-sv, dyr fram til fjarðarins, um 10x3m að innanmáli. Undirstaða undan girðingu liggur til vesturs ofan tóftarinnar.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

B -158526-159-23

Tegund: Tóft 465

N: 64°56'02" **V:** 14°01'25"

Staðhættir og lýsing

Um 25-30 ofan við innsta hús við götuna Króks-holt.

Grjót- og torfhlaðin tóft um 5x7m að utanmáli. Veggir á þrjá vegu mjög greinilegir en grjót hefur ekki verið í framstafni í átt til fjarðar. Grjót-hleðslan er nokkuð skemmd og grafið hefur verið í tóftina.

Heimildamaður: Elis B Eiríksson

Ástand: slæmt

Hættumat: hætta vegna ábúðar


B -158526-159-24

Tegund: Tóft 465

N: 64°56'13" **V:** 14°01'46"

Staðhættir og lýsing

Upphlaðin smátóft 1x2m að innanmáli um 20m ofan við svokallað Stekkjartún, rétt austan lækjar. Líklega heystæði eða tóft til að þurrka mó.



Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

B -158526-159-25 Rétt

Tegund: Heimild 465

N: 64°55'57" **V:** 14°01'35"

Staðhættir og lýsing

Samkvæmt heimildum frá Björgvini Baldurssyni mun grjóthlaðin rétt hafa staðið þar sem nú er nv horn íþróttavallarins.

Heimildamaður: Björgvin Baldursson.

Ástand: horfið

B -158526-159-26 Verslunarstaður

Tegund: Heimild 465

N: 64°55'53" **V:** 14°01'17"

Staðhættir og lýsing

„Utanvert í Búðakrók er góð hafskipalega og er mælt að þýskir hafi haft hér verslunarbúðir til forna.“

Heimildaskrá

1. Sýslu- og sóknarlýsingar Múlasýslna, bls. 411.

Ástand: horfið

B -158526-159-27 Hleðsla

Tegund: Heimild 465

Heimild um grjóthleðslu við veg sem beygir upp frá Hlíðargötu um 80m austan Búðalækjar. Hleðslan fannst ekki við vettvangsskoðun.

Heimildamaður: Elis B Eiríksson.

B -158526-159-28 Naust

Tegund: Heimild 465

N: 64°55'50" V: 14°01'03"

Heimild um grjóthlaðið naust þar sem að nú er hlaðin undirstaða skúrs innan við húsið Sjólyst.

Heimildamaður: Björgvin Baldursson.

Kappeyri

Kappeyri er nú innsti bær í þeim hluta Fáskrúðsfjarðarhrepps sem er utan Búðahrepps. Landamörk við Búðahrepp voru frá Fiskeyri en eru nú um miðja Mjóeyrina upp í Engihjalla en að utan á jörðin mörk við Brimnes.¹⁸

Fornleifaskrá - Kappeyri

Ke -158502-160-1

Sérheiti: Lassensgrunnur

N: 64°55'15" **V:** 13°58'11"

Staðhættir og lýsing

„Fyrir innan Mjóeyri er húsgrunnur, kallaður Lassensgrunnur (Larsens), en húsið var aldrei byggt.“(1) Kann að vera grjóthleðsla í sjávarborði innan Mjóeyrar 160-2.

Heimildaskrá

1. Örnefnaskrá Kappeyrar, Stefán Einarsson skráði

Ke -158502-160-2 Fiskihjallar

Tegund: Hleðsla 465

N: 64°55'15" **V:** 13°58'11"

Staðhættir og lýsing

„Þá er Mjóeyrin, myndast af sævarstraumum, og heitir Innri- og Ytri-Mjóeyrarkrókur sitt hvorum megin við hana. Innri- og Ytri-Mjóeyrarlækir falla báðir ofan fyrir innan Mjóeyri. Þar var uppsátur frá Kappeyri, aðallega í framkróknum, og þar voru hjallar.“ Stendur í hvammi rétt austan lækjar um 60 m innan Mjóeyrar. Greinilegar grjóthleðslur með einfaldri grjótröð mynda þrjú ferhyrnd hólfi. Um 15 m framan við í fjöruborðinu er um 20 m löng og 10 m breið grjóthleðsla sem nær út í sjó. Kann að vera svokallaður Lassensgrunnur 160-1.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Kappeyrar, Stefán Einarsson skráði

Ástand: gott

Hættumat: hætta vegna sjávangangs

Ke -158502-160-3 Uppsátur

Tegund: Tóft 465

N: 64°55'19" **V:** 13°58'43"

Staðhættir og lýsing

Um 200m utan loðnubræðslu.

Tvær grjóthleðslur liggja með 10m millibili í sjó fram út frá kletti sem stendur í fjöruborðinu. Hleðslurnar eru myndaðar af einfaldri röð stórgýtis og er önnur þeirra um 7m löng en hin um 10m.

Ástand: gott

Hættumat: hætta vegna sjávangangs


Ke -158502-160-4

Tegund: Hleðsla 465


N: 64°55'15" **V:** 13°58'16"

Staðhættir og lýsing

Um 80-100m inn frá Mjóeyri er ferköntuð grjóthleðsla. Hleðslan er mynduð af einfaldri grjótröð á þrjú vegu en er afmörkuð af brekkurót á einn



18 Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 215.



veg. Hún er um 7x4m að utanmáli. Hleðslan er mynduð úr stóru fjörugrjóti og stendur efst í fjör-
unni.

Ástand: gott

Hættumat: hættu vegna sjávargangs

Ke -158502-160-5 Naust

Tegund: Tóft 465

N: 64°55'13" **V:** 13°57'58"

Staðhættir og lýsing

Á upphækkun innst og efst á Mjóeyrinni eru tóftir tveggja nausta og sjóbúða eða hjalla. Lítil lækur rennur í gegn um svæðið sem tóftirnar standa á. Vestan lækjarins eru tvö naust sem hafa verið grafinn inn í brekku.

Neðra naustið er um 7x3 að utanmáli, grafið inn í brekkuna en veggir hafa verið grjóthlaðnir á þrjá vegu. Naustið er opið út til fjarðarins.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hættu

Ke -158502-160-6 Naust

Tegund: Tóft 465

N: 64°55'12" **V:** 13°57'57"

Staðhættir og lýsing

Á upphækkun innst og efst á Mjóeyrinni eru tóftir tveggja nausta og sjóbúða eða hjalla. Lítil

lækur rennur í gegn um svæðið sem tóftirnar standa á. Vestan lækjarins eru tvö naust sem hafa verið grafinn inn í brekku.

Efra naustið stendur fast vestan við smálæk og er grafið inn í brekkurætur. Veggir hafa verið grjóthlaðnir á þrjá vegu, 5x3m að utanmáli, en naustið er opið fram til fjarðarins. Það er um 10m ofar en naustið 160:5.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hættu

Ke -158502-160-7

Tegund: Tóft 465

N: 64°55'13" **V:** 13°57'56"

Staðhættir og lýsing

Á upphækkun innst og efst á Mjóeyrinni eru tóftir tveggja nausta og sjóbúða eða hjalla.

Lítill lækur rennur í gegn um svæðið sem tóftirnar standa á. Austan lækjarins eru leifar amk. þriggja húsa, etv. sjóbúða eða hjalla. Ferköntuð grjót- og torfhlaðin tóft, 5x5 að utanmáli. Veggir nokkuð hrundir og er grjót greinilegt í hleðslum. Dyr hafa verið í sv horni.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hættu

Ke -158502-160-8

Tegund: Tóft 465

N: 64°55'12" **V:** 13°57'56"

Staðhættir og lýsing

Á upphækkun innst og efst á Mjóeyrinni eru tóftir nausta og sjóbúða eða hjalla. Lítil lækur rennur í gegn um svæðið sem tóftirnar standa á. Austan lækjarins eru leifar amk. þriggja húsa, etv. sjóbúða eða hjalla.

Mjög útflött ferköntuð smátóft um 5x3m að utanmáli. Grjót er ekki greinilegt í veggjum og engar dyr eru sýnilegar. Um 7m ofan tóftarinnar milli hennar og tóftar 160:7 eru leifar af veggjalagi, um 4m löngu sem líklega hefur tilheyrt þriðju tóftinni en veggir eru mjög eyddir og útflattir.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hættu



Mynd 9. Mjóeyri 160-5-8 Séð til suðausturs yfir minjar neðst við brekkurætur á Mjóeyri.

Ke -158502-160-9

Tegund: Tóft 465

N: 64°55'09" **V:** 13°57'54"

Staðhættir og lýsing

Ferköntuð upphækkun eða þúst, 6x5m að utanmáli, um 30m ofan sjávarmáls, rétt innan við Mjóeyrina miðja. Um 2m sunnan tóftarinnar eru tvær hringmyndaðar þústir um metri á hvern veg og er önnur þeirra hol að innan.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

Ke -158502-160-10

Tegund: Þúst 465

N: 64°55'09" **V:** 13°57'52"

Staðhættir og lýsing

Ferköntuð upphækkun, 5x3m, etv. undirstaða undan hjalli, er austan til á Mjóeyrinni um 20m austan við tóftir 160:9.

Ástand: gott

Hættumat: lítil hætta

Ke -158502-160-11 Húsgrunnur

N: 64°55'11" **V:** 13°57'58"

Staðhættir og lýsing

Grjóthlaðinn og steiptur húsgrunnur 14x12m að utanmáli. Hann er staðsettur innanvert á Mjóeyrinni. Uppsteiptar eru um 15sm háar brúnir. Grunnurinn er að brotna fram í fjöruna vestan til og er hann allur mjög brotinn og eyddur. Fjörumöl er í botni grunnsins.

Ástand: slæmt

Hættumat: hætta vegna verklegra framkvæmda

Ke -158502-160-12 Grafreitir

Tegund: Kirkjugarður 465

N: 64°55'22" **V:** 13°58'58"

Staðhættir og lýsing

Kirkjugarðinn áttu kaþólskir franskir sjómenn sem stunduðu Austurlandsmið um og fyrir aldamótin 1900. Hann er um 30m langur og 15m breiður og stendur um 100m utan loðnuverk-smiðjunnar á svokallaðri Krosseyri, fyrrum í Kappeyrarlandi. Í garðinum miðjum stendur róðukross á steiptum stöpli. Enn mótat fyrir leiðum í garðinum.

Ástand: gott

Hættumat: engin hætta

Minjar og varðveislugildi

Menningarlandslag er hugtak sem hefur hlotið aukið vægi innan þjóðminjavörslunnar. Er þá átt við samspil manngerðra minja innbyrðis sem og tengsl þeirra við náttúru og sögu. Slík heild kann að hafa áhrif á varðveislugildi minjanna auk þess sem hún segir fyllri sögu um búsetu og kjör manna til forna.

Hugtakið menningarlandslag hefur einnig verið í umræðunni í tengslum við svokallaða menningartengda ferðaþjónustu og má segja að nú sé viss vakning í notkun menningararfsins til kynningar á landi og þjóð. Þá er ekki einungis um að ræða söguslóðir eða fornfræga staði heldur einnig staði sem bera gömlu verklagi, byggingaháttum og landnotkun vitni. Kynning á fornleifum er ekki síður mikilvæg heimamönnum og eykur áhuga og skilning á nánasta umhverfi og þeirri byggðasögu sem lesa má út úr menningarlandslagi.

Fornleifar eru vitaskuld einnig metnar út frá eigin verðleikum, hve sjaldgæfar þær eru og hvert fræðslugildi þær hafa. En það kann enn fremur að skipta máli hvaða þýðingu þær hafa fyrir rannsóknir og að hvaða leyti þær þykja geta fært mönnum nýja vitneskju um mannlíf til forna.

Minjar á Kirkjubóli

Segja má að á Kirkjubóli sé að finna nokkuð heildstætt menningarlandslag. Þar hefur að vísu nokkuð spillst vegna verklegra framkvæmda, ekki síst skurðgraftar og torfristu en er þó að finna leifar túngarðs og innan túns leifar bæjarhóls, útihúsa og e.t.v. grafreits.

Nokkrar minjar um mótöku eru í hlíðinni ofan bæjarstæðisins og skemmtileg stekkjartóft er í auðveldu göngufæri upp með Kirkjubólsá. Bæjarhóll á Aragerði og tóftir þar í kring eru mjög heillegar og í skemmtilegu umhverfi. Kirkjubólslandið er útivistarsvæði bæjarins og liggur göngustígur í gegnum gamla túnið og framhjá bæjarhólnum. Því væri tilvalið að gera

þeim minjum sem þar eru betri skil, e.t.v. með því að merkja þær og/eða setja á kort.

Minjar í Búðarþorpi

Almennt má segja að ástand minja í Búðahreppi sé gott og kom á óvart hversu margar þeirra var að finna í bæjarlandinu. Í þorpinu sjálfu eru fáar heillegar minjar eins og við var að búast, helst ber þar að nefna Smiðjuhólinn utan Búða. Hinsvegar má finna töluverðan fjölda minja umhverfis þorpið, má þar t.d. nefna Hermannskofa innan Garðaholts og fjárhústóftir uppi í fjallshlíðinni.

Vera kann að þessar minjar séu ekki frá elstu tíð Íslandsbyggðar. Hinsvegar bera þær vitni þeirri lífsbaráttu og tíðaranda sem ríkti í sjávarbyggðum á seinasta hluta 19. aldar og fyrstu áratugi þeirrar 20. Þær hafa því ótvírætt varðveislugildi.

Minjar í Kappeyjarlandi

Minjar í því landi sem áður tilheyrði Kappeyri tengjast nær eingöngu útræði. Þar má finna minjar um uppsátur, hjalla og aðrar byggingar sem tilheyrðu sjósókn. Gönguleiðin út fjöruna hefst við Franska kirkjugarðinn og er mjög skemmtileg og auðgengin. Á Mjóeyri innanverðri er svæði sem á eru naust og sjóhús en inn með fjörunni eru hlaðin uppsátur og steinahleðslur undan hjöllum.

Niðurstöður

Almennt má segja að minjarnar á hinu skráða svæði séu dæmigerðar fyrir austfirskar sveitir og sjávarbyggðir á 19. öld og fyrri hluta þeirrar 20. Minjar á Kirkjubóli eru flestar seinni tíma en aldur bæjarstæðisins er óviss. Vera kann að þar hafi verið búið frá upphafi byggðar í firðinum og kunna því að leynast eldri minjar neðanjarðar. Fæstir minjastaðanna geta talist í mikilli hættu

en nokkrir eru að hverfa í gróður eða eru í hættu vegna landbrots. Hinsvegar hafa margar minjar horfið við túnarækt og aðrar verklegar framkvæmdir á síðastliðnum áratugum.

Ekki má líta á fornleifaskráningu sem tæmandi upptalningu á fornleifum. Fornleifar kunna að fara fram hjá skráningarmönnum ekki síst þar sem land er víðfeðmt eða gróður mikill þær geta einnig leynst undir yfirborðinu þótt þeirra sjái ekki stað ofanjarðar. Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum.

- Forvitnilegt væri að athuga með fornleifakönnun hvort um er að ræða kirkju og kirkjugarð á Kirkjubóli.
- Fornleifakönnun gæti einnig leitt í ljós hvort bæjarstæðið er eldra en ritaðar heimildir benda til.
- Á Kirkjubóli væri tilvalið að setja upp skilti eða merkja þær minjar sem eru innan gamla túnsins. Auðveldara væri að nota svæðið til útivistar ef fyllt væri upp í skurðina ofan bæjarhólsins, í það minnsta þann hluta þeirra sem sker svokallaðan Kirkjugarðsvegg.
- Vekja mætti athygli á minjum í bæjarlandinu með merkingu þeirra á kort eða í bækling.

Heimildaskrá:

Prentaðar heimildir:

J. Johnsen *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn, 1847.

Lýður Björnsson *Saga sveitarstjórnar á Íslandi, síðara bindi*. Reykjavík 1979.

Múlasýslur Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874.

Ólafur Jónsson *Skrifuböfl og snjóflóð III bindi*, Reykjavík 1992.

Ólafur Olavíus *Ferðabók*, Reykjavík 1965.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III bindi, Egilsstöðum 1976

Óprentaðar heimildir:

Birgir Stefánsson Sögulegt yfirlit. Kafli úr skýrslu vegna aðalskráningar Búðahrepps frá 1980.

Guðrún Gunnarsdóttir *Húsanöfn á Fáskrúðsfirði*.

Sigmar Magnússon Dölum, *Saga Fáskrúðsfjarðar*, handrit.



Örnefnaskrá Kirkjubóls, Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun.

Örnefnaskrá Kirkjubóls og Búða, Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun.

Örnefnaskrá Kappeyrar, Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun.

Örnefnaskráning á Aragerði og Kirkjubóli 10. júní 1999, skráð af Bjarna Björnssyni Ljósa-landi.

Fylgiskjöl



Fornminjar á jörðinni Kirkjubóli við Fáskrúðsfjörð.

Mælt og skráð 2001.

Jörð	Númer	Skýring	ISN93		WGS84	
			Norður	Austur	Breidd	Lengd
Kirkjuból	K1	Kirkjuból/bæjarstæði	502523,0	733742,1	„64°56'25.85691“ „N“	„14°03'02.82353“ „W“
Kirkjuból	K2	Kirkjugarðsvegur	502618,6	733783,1	„64°56'28.83155“ „N“	„14°02'59.14280“ „W“
Kirkjuból	K3	Kirkjuhóll/Grafreitarhóll	502587,8	733746,6	„64°56'27.93418“ „N“	„14°03'02.09384“ „W“
Kirkjuból	K4	Kirkjubólsmelur/tóft	503021,3	733305,6	„64°56'43“ „N“	„14°03'33“ „W“
Kirkjuból	K5	Kirkjubólsmelur/tóft	503019,2	733279,4	„64°56'43“ „N“	„14°03'35“ „W“
Kirkjuból	K6	Mótorfa	503149,6	733317,9	„64°56'47.10044“ „N“	„14°03'31.30652“ „W“
Kirkjuból	K7	Tóftir	502988,2	733677,0	„64°56'41“ „N“	„14°03'05“ „W“
Kirkjuból	K8	Stekkurinn	502955,9	733406,6	„64°56'40.64105“ „N“	„14°03'25.71732“ „W“
Kirkjuból	K9	Háimell	502734,0	733390,5	„64°56'33.53939“ „N“	„14°03'28.26110“ „W“
Kirkjuból	K10	Mylla	502694,0	733489,3	„64°56'32“ „N“	„14°03'21“ „W“
Kirkjuból	K11	Rétt	502675,9	733514,7	„64°56'31.35440“ „N“	„14°03'19.17574“ „W“
Kirkjuból	K12	Innri-Króarmelur/tóft	502816,7	733624,2	„64°56'35.61068“ „N“	„14°03'10.02434“ „W“
Kirkjuból	K13	Ytri-Króarmelur/tóft	502823,6	733724,5	„64°56'35.57961“ „N“	„14°03'02.37148“ „W“
Kirkjuból	K14	Hesthús	502519,0	733634,7	„64°56'26“ „N“	„14°03'11“ „W“
Kirkjuból	K15	Geitakofi/tóft	502717,4	733718,1	„64°56'32.17752“ „N“	„14°03'03.48964“ „W“
Kirkjuból	K16	Sumarfjosið/tóft	502693,8	733715,1	„64°56'31.42537“ „N“	„14°03'03.85401“ „W“
Kirkjuból	K17	Votheysgryfja	502682,1	733713,7	„64°56'31.05070“ „N“	„14°03'04.03749“ „W“
Kirkjuból	K18	Kúagata	502697,1	733704,4	„64°56'31.55939“ „N“	„14°03'04.65393“ „W“
Kirkjuból	K19	Fjánhús	502681,7	733745,7	„64°56'30.95916“ „N“	„14°03'01.60458“ „W“
Kirkjuból	K20	Matjurtagarðar	502664,3	733767,4	„64°56'30.34200“ „N“	„14°03'00.06527“ „W“
Kirkjuból	K21	Matjurtagarður Ásgríms	502658,5	733809,2	„64°56'30.05204“ „N“	„14°02'56.92138“ „W“
Kirkjuból	K22	Hlöðutóft Ásgríms	502643,8	733823,5	„64°56'29.54088“ „N“	„14°02'55.92628“ „W“
Kirkjuból	K23	Garðlag	502655,8	733795,2	„64°56'30“ „N“	„14°02'58“ „W“
Kirkjuból	K24	Tóft/garðlag	502710,4	733698,8	„64°56'32“ „N“	„14°03'05“ „W“
Kirkjuból	K25	Reykkofi	502630,1	733723,7	„64°56'29.35227“ „N“	„14°03'03.58449“ „W“
Kirkjuból	K26	Hornakofinn	502497,4	733755,0	„64°56'25“ „N“	„14°03'02“ „W“
Kirkjuból	K27	Guðjónshlaða/heimild	502497,4	733755,0	„64°56'25“ „N“	„14°03'02“ „W“
Kirkjuból	K28	Heytóft	502578,7	733603,7	„64°56'28“ „N“	„14°03'13“ „W“
Kirkjuból	K29	Hesthús	502609,6	733601,3	„64°56'29“ „N“	„14°03'13“ „W“
Kirkjuból	K30	Brunnur	502550,2	733789,9	„64°56'26.61289“ „N“	„14°02'59.03822“ „W“
Kirkjuból	K31	Gata/brú	502532,6	733775,2	„64°56'26.08301“ „N“	„14°03'00.25448“ „W“
Kirkjuból	K32	Fiskasteinn	502497,4	733755,0	„64°56'25“ „N“	„14°03'02“ „W“
Kirkjuból	K33	Mógröf	502449,0	733930,0	„64°56'23“ „N“	„14°02'49“ „W“
Kirkjuból	K34	Mógil	502546,9	734046,5	„64°56'25.85881“ „N“	„14°02'39.57345“ „W“
Kirkjuból	K35	Mókofi/Mómelshús/ bæjastæði	502521,7	734016,9	„64°56'25.12339“ „N“	„14°02'41.97398“ „W“
Kirkjuból	K36	Mómelur/Kartöflugarðar- melur	502611,2	734027,5	„64°56'27.97704“ „N“	„14°02'40.63693“ „W“
Kirkjuból	K37	Mógrafir	502494,2	734110,9	„64°56'24“ „N“	„14°02'35“ „W“
Kirkjuból	K38	Fjánhús	502450,7	734114,4	„64°56'22.59029“ „N“	„14°02'34.99357“ „W“
Kirkjuból	K39	Matjurtagarður	502704,2	733620,2	„64°56'32“ „N“	„14°03'11“ „W“
Kirkjuból	K40	Grund/bæjarstæði	502112,5	734391,2	„64°56'11“ „N“	„14°02'16“ „W“

Kirkjuból	K41	Einarsstaðir/bæjarstæði	502290,5	734285,0	„64°56'17“ „N“	„14°02'23“ „W“
Kirkjuból	K42	Gata/bæjarstæði	502197,9	734292,3	„64°56'14“ „N“	„14°02'23“ „W“
Kirkjuból	K43	Ullarþvottastöðin	502677,7	733504,3	„64°56'31.43911“ „N“	„14°03'19.96087“ „W“
Kirkjuból	K44	Blóðvöllurinn	502667,2	733544,1	„64°56'31“ „N“	„14°03'17“ „W“
Kirkjuból	K45	Tóft	502887,4	733579,5	„64°56'38“ „N“	„14°03'13“ „W“
Kirkjuból	K46	Stóristeinn/álfar	502784,4	733534,2	„64°56'34.79833“ „N“	„14°03'17.05244“ „W“
Kirkjuból	K47	Litlisteinn/álfar	502745,2	733559,1	„64°56'33.47250“ „N“	„14°03'15.39915“ „W“
Kirkjuból	K48	Tóft	502951,2	733600,8	„64°56'40“ „N“	„14°03'11“ „W“
Kirkjuból	K49	Kasthólsbalar/heimild				
Kirkjuból	K50	Bakkakofi/heimild	502121,7	734509,1	„64°56'11“ „N“	„14°02'07“ „W“
Kirkjuból	K51	Fjánhús	502464,6	733908,4	„64°56'23.55713“ „N“	„14°02'50.55245“ „W“
Kirkjuból	K52	Bakki/bæjarstæði	502263,7	734339,8	„64°56'16“ „N“	„14°02'19“ „W“
Kirkjuból	K53	Aragerði/bæjarstæði	502777,9	733069,6	„64°56'35.76044“ „N“	„14°03'52.36197“ „W“
Kirkjuból	K54	Aragerði/fjánhús	502776,9	733055,1	„64°56'35.76327“ „N“	„14°03'53.47517“ „W“
Kirkjuból	K55	Aragerði/tóft	502723,9	733078,6	„64°56'34“ „N“	„14°03'52“ „W“
Kirkjuból	K56	Tóft	503026,4	733371,0	„64°56'43“ „N“	„14°03'28“ „W“
Kirkjuból	K57	Tóft/mótekja	502728,0	733131,0	„64°56'34“ „N“	„14°03'48“ „W“
Kirkjuból	K58	Tóft/mótekja	502822,7	733149,9	„64°56'37“ „N“	„14°03'46“ „W“
Kirkjuból	K59	Túngarður	502679,5	733701,2	„64°56'31“ „N“	„14°03'05“ „W“
Kirkjuból	K60	Guðmundarhóll/heimild	502526,2	733726,4	„64°56'26“ „N“	„14°03'04“ „W“

Fornminjar á jörðum Búða og Kappeyrar við Fáskrúðsfjörð.

Mælt og skráð 2001.

Jörð	Númer	Skýring	ISN93		WGS84	
			Norður	Austur	Breidd	Lengd
Búðir	B1	Bæjarstæði	501795	735088	„64°55'59“ „N“	„14°01'25“ „W“
Búðir	B2	Stekkur	502174	734782	„64°56'12“ „N“	„14°01'46“ „W“
Búðir	B3	Hermannskofi	501971	734823	„64°56'05“ „N“	„14°01'44“ „W“
Búðir	B4	Hesthústún	501843	735044	„64°56'01“ „N“	„14°01'28“ „W“
Búðir	B5	Smiðjuhóll	501768	735143	„64°55'58“ „N“	„14°01'21“ „W“
Búðir	B6	Naust	501618	735208	„64°55'53“ „N“	„14°01'17“ „W“
Búðir	B7	Brunnur	501117	736736	„64°55'33“ „N“	„13°59'24“ „W“
Búðir	B8	Álfamelur	501495	735626	„64°55'48“ „N“	„14°00'46“ „W“
Búðir	B9	Tóft	501988	734783	„64°56'06“ „N“	„14°01'47“ „W“
Búðir	B10	Fjánhús/hlaða	501260	736580	„64°55'38“ „N“	„13°59'35“ „W“
Búðir	B11	Rétt	501323	736588	„64°55'40“ „N“	„13°59'34“ „W“
Búðir	B12	Rétt	501348	736637	„64°55'41“ „N“	„13°59'30“ „W“
Búðir	B13	Fjánhús	501386	736597	„64°55'42“ „N“	„13°59'33“ „W“
Búðir	B14	Fjánhús	501383	736557	„64°55'42“ „N“	„13°59'36“ „W“
Búðir	B15	Stekkur/kvíar	501989	734796	„64°56'06“ „N“	„14°01'46“ „W“
Búðir	B16	Matjurtagarður	501319	736536	„64°55'40“ „N“	„13°59'38“ „W“
Búðir	B17	Matjurtagarður	501363	736308	„64°55'42“ „N“	„13°59'55“ „W“
Búðir	B18	Matjurtagarður	501301	736313	„64°55'40“ „N“	„13°59'55“ „W“
Búðir	B19	Matjurtagarður	501303	736339	„64°55'40“ „N“	„13°59'53“ „W“
Búðir	B20	Matjurtagarður	501306	736379	„64°55'40“ „N“	„13°59'50“ „W“
Búðir	B21	Varnargarður	501601	735393	„64°55'52“ „N“	„14°01'03“ „W“
Búðir	B22	Fjánhús	502044	735095	„64°56'07“ „N“	„14°01'23“ „W“
Búðir	B23	Tóft	501887	735081	„64°56'02“ „N“	„14°01'25“ „W“
Búðir	B24	Tóft	502205	734779	„64°56'13“ „N“	„14°01'46“ „W“
Búðir	B25	Rétt	501723	734962	„64°55'57“ „N“	„14°01'35“ „W“
Búðir	B26	Verslunarstaður	501618	735208	„64°55'53“ „N“	„14°01'17“ „W“
Búðir	B27	Tóft	501866	735201	„64°56'01“ „N“	„14°01'16“ „W“
Búðir	B28	Sjólýst	501548	735404	„64°55'50“ „N“	„14°01'03“ „W“
Kappeyri	Ke1	Larsensgrunnur	500638	737737	„64°55'15“ „N“	„13°58'11“ „W“
Kappeyri	Ke2	Fiskhjallar	500638	737737	„64°55'15“ „N“	„13°58'11“ „W“
Kappeyri	Ke3	Uppsátur	500728	737308	„64°55'19“ „N“	„13°58'43“ „W“
Kappeyri	Ke4	Grjóthleðsla	500633	737671	„64°55'15“ „N“	„13°58'16“ „W“
Kappeyri	Ke5	Naust	500590	737912	„64°55'13“ „N“	„13°57'58“ „W“
Kappeyri	Ke6	Naust	500590	737912	„64°55'13“ „N“	„13°57'58“ „W“
Kappeyri	Ke7	Tóft	500561	737941	„64°55'12“ „N“	„13°57'56“ „W“
Kappeyri	Ke8	Tóft	500561	737941	„64°55'12“ „N“	„13°57'56“ „W“
Kappeyri	Ke9	Tóft	500470	737974	„64°55'09“ „N“	„13°57'54“ „W“
Kappeyri	Ke10	Þúst	500472	738001	„64°55'09“ „N“	„13°57'52“ „W“
Kappeyri	Ke11	Húsgrunnur	500528	737917	„64°55'11“ „N“	„13°57'58“ „W“
Kappeyri	Ke12	Grafreitir	500805	737104	„64°55'22“ „N“	„13°58'58“ „W“



Listi yfir hús byggð fyrir 1900

Nafn húss	Byggingarár	Nafn húss	Byggingarár
Auðsberg	1896	Litli-Hagi	1900
Baldurshagi	1893	Melbrún	1894
Bjarg	1895	Melbær	1898
Brekka	1890	Melstaður	1896
Búðarhjáleiga	Fyrir 1881	Miðhús	1896
Einarsstaðir	1888	Miðströnd	1899
Fagrahlíð	Fyrir 1901	Pétursborg	1884
Gilstunga	1890-91	Sjólyst	1899
Grund	1897	Skálholt	1890-91
Gullbringa	1890	Steinholt	1890-91
Hátún	1899	Svalbarð	1893
Hermannskofi	Fyrir 1881	Tangi	1895
Hoffell	1897	Templarinn	Fyrir 1900
Jaðar	1890-91	Vingólf	1890
Kompanið	1896	Wathneshús	1894
Laufás	1896	Ytri-Búðir	Fyrir 1900
		Rifið	
		rifið	
		Rifið	
		Brann 1988	
		Rifið 1994	
		Rifið	
		Rifið 1972	
		Brann 1968	
		Rifið 1969	
		Rifið	

Rannsóknaskýrslur 2002

1 Skálholt.

Rannsóknir á bæjarstæði 1983 – 1988.

Guðmundur Ólafsson.

2 Fornleifaskráning í Búðahreppi.

Guðný Zoëga.

